

HRÚTASKRÁ

2014 - 2015



Sauðfjársæðingastöð
Suðurlands



Sauðfjársæðingastöð
Vesturlands

Landsbankinn er öflugur samstarfsaðili

Það er stefna okkar að vera hreyfiafl í íslensku samfélagi.

Landsbankinn tekur virkan þátt í uppbyggingu í landbúnaði og er traustur bakhjarl og samstarfsaðili.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Efnisyfirlit

Skýringar	2
Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands	4
Frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands	5
Hrútar (hyrndir) á Suðurlandi	6
Hrútar (kollóttir) á Suðurlandi	18
Hrútar 2014-15, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2014, (tafla)	24
Hrútar (hyrndir) á Vesturlandi	26
Hrútar (kollóttir) á Vesturlandi	36
Fallnir hrútar 2013-2014, ástæður (tafla)	43
Kjötmat afkvæma sæðishrúta haustið 2014	44
Árangur sæðinga vorið 2014 eftir sæðishrútum.....	45
Sauðfjársæðingar og beiðsli	46
Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2014	48

Atriðisorðaskrá: Nafn, nr. og blaðsíðutöl

Suðurland	bls.	Vesturland	bls.
Kjarkur 08-840 frá Ytri-Skógum	6	Bósi 08-901 frá Þóroddsstöðum	26
Guffi 08-869 frá Garði	7	Rafall 09-881 frá Úthlið	28
Ás 09-877 frá Skriðu	7	Hængur 10-903 frá Geirmundarstöðum	28
Guðni 09-902 frá Mýrum	8	Myrkvi 10-905 frá Brúnastöðum	29
Grámann 10-884 frá Bergsstöðum	9	Váli 10-907 Gunnarsstöðum	29
Salamon 10-906 frá Hömrum	9	Drifandi 11-895 frá Hesti	30
Drumbur 10-918 frá Bjarnastöðum	10	Putti 11-921 frá Álftavatni	30
Höfðingi 10-919 frá Leiðólfsstöðum	10	Tjaldur 11-922 frá Hesti	32
Kölski 10-920 frá Svínafelli 2	12	Bekri 12-911 frá Hesti	32
Prúður 11-896 frá Ytri Skógum	12	Skratti 12-913 frá Hesti	33
Garri 11-908 frá Stóra-Vatnshorni	14	Saumur 12-915 frá Ytri Skógum	33
Bursti 12-912 frá Hesti	14	Vörður 12-925 frá Hriflu	34
Vetur 12-914 frá Hesti	15	Hvati 13-926 frá Hesti	34
Danni 12-923 frá Sveinungsvík	15	Kjarni 13-927 frá Brúnastöðum	35
Jóker 12-924 frá Laxárdal	16		
Lækur 13-928 frá Ytri Skógum	16	KOLLÓTTIR HRÚTAR	
		Höttur 09-887 frá Húsavík	36
KOLLÓTTIR HRÚTAR		Heydalur 09-929 frá Heydalsá	38
Baugur 10-889 frá Efstu-Grund	18	Hreinn 09-930 frá Heydalsá	38
Roði 10-897 frá Melum 1	18	Safir 10-932 frá Brjánslæk	39
Radix 10-931 frá Hjarðarfelli	19	Hnallur 12-934 frá Broddanesi	40
Faldur 11-933 frá Bassastöðum	19	Sproti 12-936 frá Melum 2	40
Skafti 12-935 frá Melum 1	20		
Þoku Hreinn 13-937 frá Heydalsá	20	FORYSTUHRÚTUR	
		Golsi 09-916 frá Gróustöðum	42
FELDFJÁRHÚTUR			
Gráfældur 08-894 frá Bakkakoti	21		
FERHYRNDUR HRÚTUR			
Höfði 11-909 frá Mörtungu 2	21		
FORYSTUHRÚTUR			
Ami 10-917 frá Sigtúnum	22		
Flórgoði 11-886 frá Hafrafellstungu	22		

Hrútaskrá 2014-2015

Útg. Sauðfjársæðingastöðvarnar á Suður- og Vesturlandi

Ritstjóri: Guðmundur Jóhannesson

Ljóm. © Halla Eygló Sveinsdóttir

ISSN 1608-084X

Prentmet Suðurlands ehf., nív. 2014

SKÝRINGAR

Mál og stígun: Mál og stígun hrútanna er gefin upp þar sem dómur liggur fyrir í eftirfarandi röð: Ár-þungi-fötleggur, mm-ómvöðvi/ómfita/lögun-haus-háls og herðar-bringa og útlögur-bak-malir-læri-ull-fætur-samræmi=stígun alls.

Ullarlýsingar: Emma Eyþórsdóttir, sérfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur skoðað og gefið umsögn um ull sæðishrútanna og fylgir hún með lýsingu hrútanna.

Gerð: Upplýsingar um vaxtarlagsflokkun í kjötmati einstakra hrúta er breytt í tölugildi. Vaxtarlagsflokkarnir fá þessi tölugildi; E=14, U=11, R=8, O=5 og P=2. Þannig þýðir 6,50 fyrir gerð að flokkun undan viðkomandi hrút hafi t.d. verið 50% í R og 50% í O. Eðlilegt er að meðaltal fyrir gerð lækki með auknum ásetningi undan viðkomandi hrút. Þá er rétt að menn hafi í huga þann mikla mun sem er í vænleika milli búa og að lömbunum er slátrað í mörgum mismunandi sláturhúsum.

Fita: Á sama hátt eru tölugildin sem reiknað er með í fituflokkun eftirfarandi; 1=2, 2=5, 3=8, 3+=9, 4=11, 5=14. Áhersla á meðaltal fyrir fituflokkun er í raun öfugt við vaxtarlagsmeðaltalið, því lægra sem fitumeðaltalið er því betra. Þarna verður á sama hátt að lesa varlega úr tölum og með hliðsjón af mismiklum vænleika og sláturhúsum.

Kynbótamat (BLUP) fyrir skrokkgæði (gerð og fitu): Kynbótamat er reiknað út frá upplýsingum úr kjötmati frá árunum 2005-2014. Meðaltal allra gripa í gagnasafninu er 100, hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Þegar rætt er um kynbótamat fyrir skrokkgæði er átt við kjötmatseinkunn þar sem fitumatið vegur 50% en gerðarmatið 50%. Öryggi er sýnt í sviga.

Kynbótamat (BLUP) fyrir frjósemi og mjólkurlagni: Kynbótamat fyrir afurðaeiginleikana (frjósemi og mjólkurlagni) er byggt á upplýsingum 10 yngstu árganga ána. Fyrir mjólkurlagni er það ær fæddar 2003-2012, fyrir frjósemi ær fæddar 2004-2013. Fyrir hvorn eiginleika er reiknað mat fyrir fjögur fyrstu afurðarár ána. Hvert ár hefur jafnt vægi (25%) í samsettri einkunn fyrir mjólkurlagni. Í samsettri einkunn fyrir frjósemi er vægi hvers árs breytilegt, vægi 1 vetra er 10%, vægi 2 vetra er 60%, vægi 3 og 4 vetra er 15% hvort ár. Meðaltal er 100 og hækkun um 10 stig þýðir 1 staðalfrávik frá meðaltali. Fyrir yngstu hrútana eru upplýsingar um dætur enn litlar þannig að upplýsingar um nánustu ættingja vega mjög þungt í kynbótamati þeirra. Öryggi er sýnt í sviga.

Kynbótamat (BLUP) - Heildareinkunn: Frá árinu 2012 er reiknuð heildareinkunn þar sem kynbótamat allra eiginleika er vegið saman í eina einkunn. Vægi kjötgæða, frjósemi og mjólkurlagni er jafnt í þeirri einkunn. Einstaklingur með 120 í einkunn fyrir skrokkgæði, 110 fyrir frjósemi og 100 fyrir mjólkurlagni hefur þannig heildareinkunn 110. $((120+110+100)/3 = 110)$.

Litaerfðir: Litaerfðir hjá íslensku sauðfé eru vel þekktar. Flestir hrútar á stöðvunum eru arfhreinir hvítir og undan slíkum hrútum fæðast aðeins hvít lömb. Ef hrútur er arfblendinn, en hvítur, getur hann einnig gefið aðra liti en hvítan. Mögulegt er að hrútar séu arfblendnir fyrir gráum, golsóttum eða botnóttum lit, eða hlutlausir, sem er lang algengast. Þá skiptir máli hvort hrúturinn erfir mórauðan lit, en mórauð lömb fæðast aldrei undan öðrum hrútum en þeim sem erfa þann lit. Síðasti þátturinn er að segja til um hvort hrúturinn erfir tvílit eða ekki. Rétt er að vekja athygli á því að sterk tengsl eru á milli litarerfða og hreinhvíta litarins á þann veg að hreinhvítar kindur búa yfirleitt ætíð yfir erfðavísunum fyrir tvílit. Þannig má undantekningarlítið fá hreinhvít lömb undan þeim hrútum sem erfa tvílit, þó að þeir séu sjálfir ekki hreinhvítir. Tekið er fram ef vitað er hrúturinn geti gefið hreinhvít lömb leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits:

1. **Verndandi arfgerðir.** Mjög litlar eða litlar líkur á riðu. Hafa ekki fundist í riðufé á Íslandi.
2. **Hlutlaus arfgerð.** Einhver hætta á riðu. Algengasta arfgerðin í íslensku fé.
3. **Verndandi og áhættuarfgerð.** Hefur ekki fundist í riðufé, en ber að forðast vegna þess að helmingur afkvæma erfir áhættuarfgerð.
4. **Áhættuarfgerðir.** Mikil eða mjög mikill hætta á riðu. Finnast marktækt oftast í riðufé en heilbrigðu fé eða aðallega í riðufé. Helmingur afkvæma eða allir afkomendur erfa áhættuarfgerð eftir því hvort um arfblendinn eða arfhreinan hrút er að ræða.

Rétt er taka fram að ekki eru teknir aðrir hrútar á stöð en þeir sem eru annað hvort hlutlausir eða búa yfir verndandi arfgerðum.

Skráning sæðinga

Mikilvægt er að skráning sæðinga gerist sem fyrst. Þeir fjáreigendur sem skrá fjárbókhald í FJARVIS.IS geta skráð allar upplýsingar þar strax og framkvæmd sæðinga er lokið. Aðrir senda upplýsingar úr dagbók sæðingamanns strax til viðkomandi búnaðarsambands til skráningar. Þegar skráning sæðinga hefur verið unnin koma allar frekara upplýsingar til úrvinnslu á öllum skýrslum um árangur sæðinga beint úr fjárbókhaldinu í FJARVIS.IS

Sauðkindin á allt gott skilið

Sérblandað fóður fyrir íslensku sauðkindina

Steinar, stampar og fóður



Sendum um
allt land
www.fodur.is

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun
Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun
Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun
Egilsstöðum
Kaupvangi 11
570 9860


FÓÐURBLANDAN

Frá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Afgreiðsla á fersku hrútasæði frá stöðinni hefst 1. desember og stendur samfelld til 21. desember. Hægt er að panta sæði í síma 480-1800 eða hjá Sveini Sigurmundssyni í sínum 480-1801 eða 894-7146 áður en sæðistaka hefst. Pantanir gegnum síma þurfa að berast fyrir kl. 9 á morgnana í 482-1920. Sæðispantanir berist á netfangið sveinn@bssl.is deginum áður. Pantanir utan Suðurlands þurfa að berast með góðum fyrirvara og æskilegt að þær fari í gegnum búnaðarsamböndin. Fyrir Austur-Skaftafellssýslu (ekki Öræfi eða Suðursveit) sér Grétar Þorkelsson um pantanir í síma 864-6487. Bændur eru hvattir til að vanda pantanir.

- 1. Verð á sæði.** Sæðisskammturinn í eina á kostar kr **720,-**. Magnafsláttur er veittur þegar einstaklingar eða fjárræktarfélög sjá um pantanir á sæði og skipulagningu heima fyrir. Sæðið kostar kr **640,-** þegar milli 50 og 100 ær eru sæddar, kr **600,-** þegar 100 ær eða fleiri eru sæddar og kr **570,-** til búnaðarsambanda. Frosið sæði kostar **720,-** kr í eina á, ekki er um magnafslátt að ræða. Lágmarksafgreiðsla frá stöðinni er 1 strá eða sæði í 5 ær. Flutningskostnaður verður innheimtur sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða. Innheimt verður 70 % af pöntuðu sæði. Öll verð eru án vsk. Uppgjöri skal lokið fyrir áramót.
- 2. Skráning á sæðingum.** Allar sæðingar skulu skráðar inn á fjarvis.is af viðkomandi bónda/sæðingamanni, helst samdægurs. Vinsamlega sendið tölvupóst á sveinn@bssl.is um að skráningu sé lokið. Þeir sem nota áfram sæðingabækur og hafa ekki tök á að skrá sjálfir sendi þær inn fyrir áramót.
- 3. Sæðingatæki.** Sæðingatæki eru til sölu meðan birgðir endast. Sauðfjársæðingastöðin útvegar sæðingatæki endurgjaldslaust þegar fjárræktarfélög sjá um skipulag sæðinga.
- 4. Svæðisskipting**
 - A. Frá 9.-12. des. Vestur Skaftafellssýsla, Eyjafjöll og Landeyjar.
 - B. Frá 13.-16. des. Rangárþing-ytra, Ásahreppur, Fljótshlíð og Flói.
 - C. Frá 17.- 20. des. Uppsveitir Árnassýslu og vestan Ölfusár.
 - D. Austur-Skaftafellssýsla. Stefnt er að ferðum 2. des. og samfelld til 7. des. Auk þess 9. og 14. des.
- 5. Sæðinganámskeið.** Námskeið í sauðfjársæðingum verður haldið þann 1. desember að Stóra Ármóti og hefst kl. 13.00. Sjá nánar á www.lbhi.is og skráning á endurmenntun@lbhi.is.

Á síðasta ári voru 14.486 ær sæddar með fersku sæði frá stöðinni. Fryst sæði innanlands fór í 545 ær. Alls sæði í 15.031 ær. Til Bandaríkjanna voru sendir 186 skammtar af frystu sæði.

Með góðri kveðju og von um ánægjuleg samskipti.
Sveinn Sigurmundsson

Hrútaskráin er á www.bssl.is

Frá Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Sauðfjársæðingastöð Vesturlands er starfrækt af Búnaðarsamtökum Vesturlands (BV).

Útsendingar á sæði frá stöðinni verða í alls 20 daga og munu byrja 1. desember og standa til 21. desember, þó ekki sunnudaginn 14. desember. Hægt er að skrá pöntun í pöntunarform sem aðgengilegt er á www.buvest.is eða senda pöntun á netfangið bv@bondi.is. Einnig er hægt að panta í síma 437-1215 en pantanir í síma verða að berast á skrifstofu BV í síðasta lagi fyrir kl. 16.00 síðasta virka dag fyrir sæðingu. Ef séð verður að nýting verður léleg á pöntuðu sæði þarf að tilkynna það sem og aðrar breytingar í síma 437-1215 eða á netfangið bv@bondi.is fyrir kl. 9.00 að morgni sæðingadags. – AHT ! Aðeins í tölvupósti um helgar.

Pantanir utan starfsvæðis BV fara í gegnum búnaðarsambönd á viðkomandi svæðum nema um annað sé samið sérstaklega.

Gjaldskrá fyrir sæði: Aldrei er rukkað fyrir minna en 70% af pöntuðu sæði. Verð á hverjum skammti er eftirfarandi án vsk:

- 1 – 50 sæddar ær 720 kr./sk.
- 51 – 100 sæddar ær 640 kr./sk.
- 100 ær eða fleiri sæddar..... 600 kr./sk.
- Til búnaðarsambanda og leiðbeiningamiðstöðva 570 kr./sk.

Skipulag sæðinga: Dagsskipulagi er dreift í fréttabréfi BV. Tilgreindir eru aðaldagar á einstökum svæðum á starfssvæði BV og hafa bændur á viðkomandi stöðum þá forgang að hrútum þá daga. Starfsmenn BV munu dreifa sæðispöntunum á tilgreinda áfangastaði á fjarlægari svæðum eins og verið hefur. Reiknað er með að bændur á starfssvæði BV sæði sjálfir eða í samvinnu við aðra, enda hafi viðkomandi sótt námskeið um sauðfjársæðingar.

Skráningar á sæðingum: Allar sæðingar skulu skráðar í fjarvis.is af viðkomandi bónda/sæðingamanni. Mikilvægt er að viðkomandi bóndi/sæðingamaður sem skráir sæðingarnar (helst samdægurs) sendi tölvupóst til viðkomandi leiðbeiningamiðstöðvar um að öllum skráningum sé lokið og/eða ef eitthvað er óskráð t.d. lambgimbrar sem ekki hafa fengið fullorðinsnúmer. Þeir sem nota áfram sæðingadagbækur verða að senda blað úr þeim til uppgjörs eða skrá sæðingar í töflu sem er aðgengileg á heimasíðu BV, www.buvest.is. Taflan sendist síðan í tölvupósti sem viðhengi á bv@bondi.is eða til viðkomandi leiðbeiningamiðstöðvar. Ef framangreindar skráningar og skýrslur um sæðingar hafa ekki skilað sér í síðasta lagi fyrir áramót reiknast 10 % álag.

Sauðfjársæðinganámskeið verður haldið að Hesti í Borgarfirði þriðjudaginn 2. desember n.k. og hefst kl. 13:00, skráning á endurmenntun@lbhi.is.

Með bestu kveðju
Starfsfólk Búnaðarsamtaka Vesturlands

Hrútaskráin er á www.buvest.is



SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ SUÐURLANDS

SKRÁ YFIR HRÚTA SEM NOTAÐIR VERÐA VETURINN 2014 - 2015

HYRNDIR HRÚTAR

Kjarkur

frá Ytri-Skógum, Eyjafjöllum.



MMFF: Spónn 98-849, MMMF: Penni 93-989.

	Kjarkur 08-840	2010	2011	2012	2013	2014
LAMBHRÚTASÖÐUN						
Fjöldi	223	47	86	390	100	
Þungi	46,9	45,5	45,9	45,5	47,1	
Fótleggur	110	106	109	109	109	
Læri	17,3	17,3	17,5	17,3	17,4	
Ull	7,8	7,8	7,8	7,8	7,8	
Ómvöðvi	29,1	28,8	29,9	28,8	29,2	
Ómfita	2,7	3,0	3,0	2,9	2,9	
Lögun	4,0	4,1	4,1	3,9	4,0	

Lýsing: Hvítur, hyrndur með sterklegan haus. Stuttur háls og breiðar, vel fylltar herðar. Góðar útlögur. Þykkt, breitt og sterkt bak. Malir í meðallagi langar, feiki-breiðar og vöðvamiklar. Mjög góð lærahold. Mjög góð fótstaða. Vel í meðallagi bollangur og kviðléttur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum og mikið um gul hár í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Þelið jafnt. Togið stutt á baki.



Reynsla: Kjarkur þarf vart að kynna fyrir sauðfjábændum en hann er nú að hefja sinn sjötta vetur á sæðingastöð sem jafnframt verður hans síðasti. Vorið 2014 fékk hann viðurkenningu sæðingastöðvanna sem besti alhliða kynbótahrúturinn og er vel að þeirri nafnbót kominn. Hróður hans sem kynbótahrútur hefur vaxið frá því að dætur hans fóru að koma fram og sýna hversu frábærir mæðraeiginleikar þeirra eru. Sem lambafaðir hefur Kjarkur ekki keppt við bestu stöðvahrúta m.t.t. holdfyllingar og þroska en ávallt gefið fitulítill lömb. Ætíð má þó finna nokkra gullmola undan honum ár hvert og víða eru til góðir synir hans. Tveir komu til notkunar á sæðingastöð síðasta vetur, þeir Hængur 10-903 og Salamon 10-906, sem virðast verulegir föðurbetrungar sem lambafaðir.

Dætur Kjarks, sem nú eru farnar að telja vel á annað þúsund um land allt hafa reynst vel, en þær eru bæði frjósamar og góðar afurðaðar.

Litaerfðir: Kjarkur er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2008-48-109-30/2,0/4,0-8,0-8,0-8,0-8,5-8,5-17,0-7,5-8,0-8,0=81,5 stig

Heiniger

TIL SÖLU

FJÁR-, KÚA- OG HESTAKLIPPUR

KAMBAR OG HNÍFAR

BRÝNSLUVÉLAR



STILLI HANDFÖNG Á BARKAKLIPPUM
BRÝNI KAMBA OG HNÍFA

GUDMUNDUR HALLGRÍMSSON
TÚNGÖTU 16 - HVANNEYRI - 311 BORGARNES
SÍMAR: 437 0099 OG 860 7305 EFTIR KL. 17:00



Guffi

frá Garði, Þistilfirði.

Ætt:

Guffi 08-869

Práður 06-996

Írina 05-544

Kveikur 05-965

03-249


Íri 04-251

Faldabil 03-367

Hesti

MMF: Flotti 98-850, MFF: Gári 02-904.

	Guffi 08-869	2012	2013	2014
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	174	154	188
	Þungi	48,4	46,2	48,6
	Fótleggur	109	109	109
	Læri	17,4	17,4	17,5
	Ull	7,9	7,8	7,9
	Ómvoðvi	30,2	29,4	30,9
	Ómfita	3,0	2,6	2,8
	Lögun	4,0	4,1	4,2



Lýsing: Hvítur, hyrndur með þróttlegan og svipfríðan haus. Herðar heldur í hærra lagi en ákaflega vel fylltar. Útlögur fremur góðar. Bak þykkt og sterkt. Breiðar og þrýðisvel fylltar malir, mjög góð lærahold. Fætur sterklegir. Bollangur og mjög góð sterklegur hrútur.

Ullarlýsing: Gulur í hnacka og á fótum. Örlítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi og þelið þykkt. Togið nokkuð jafnt og fremur fingert.



08-869

Reynsla: Guffi 08-869 er nú að hefja sinn fjórða vetur í notkun á sæðingastöð og er því einn af reynsluboltum sæðingastöðvanna í vetur. Afkvæmi Guffa eru þroskamikil samhliða góðri gerð og lítilli fitu, en stundum skortir aðeins á að frampartur afkvæma hans sé nógu vel gerður. Á héraðssýningu lambhrúta í Dalasýslu haustið 2014 voru 2 synir hans í hópi fimm efstu hyrndu lambhrútanna. Viða um land hafa synir hans skilað góðum niðurstöðum og fyrsti afkomandi hans verður á sæðingastöð í vetur, Kjarni 13-927.

Miklar upplýsingar eru til um dætur Guffa. Þær eru frjósamar og góðar afurðar. Sem kynbótahrútur hefur Guffi verið að styrkja sig ár frá ári eftir að hann kom til notkunar á sæðingastöð. Hann er sterkur alhliða kynbótahrútur og ættu bændur nú í vetur að notfæra sér vel þá kosti sem hann stendur fyrir.

Litaerfðir: Guffi er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórauðan lit en gefur tvílit – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:

2008-44-106-37/2,5/4,5-8,0-8,0-8,0-9,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,0=83,0 stig

Ás

frá Skriðu, Hörgárdal.

Ætt:

Ás 09-877

Fálki 08-057

Mörk 08-257

Smári 06-058

Stöð 07-242

Smári 06-058

Kría 03-225

Smáhömrur

Smáhömrur

FFFF og MFFF: Spakur 00-909.

	Ás 09-877	2013	2014
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	265	218
	Þungi	46,9	47,9
	Fótleggur	108	108
	Læri	17,6	17,6
	Ull	8,1	8,1
	Ómvoðvi	28,2	29,0
	Ómfita	2,7	2,8
	Lögun	4,0	4,0



Lýsing: Hvítur, svipmikill og þróttlegur haus, vel hyrndur. Stuttur háls, breiðar og vel fylltar herðar. Breið bringa og miklar útlögur. Sterkt og vel fyllt bak, malir í meðallagi langar en gríðarlega vöðvafylltar, lærahold feiknamikil. Fótstaða góð. Samanrekin og frísklegur hrútur.

Ullarlýsing: Örlítið gult á fótum en ekki fundust gul hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þel jafnt og þykkt. Togið stutt í baki og fremur lítið en fínt.



09-877

Reynsla: Ás 09-877 er nú að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð en hann fékk að loknum fyrsta vetri sínum viðurkenningu sæðingastöðvanna sem besti lambafaðirinn. Aðalsmerki afkvæma hans eru gríðarlega mikil mala- og lærahold samhliða lítilli fitu. Bakvöðvamælingar afkvæma hans eru oft á tíðum breytilegar og svo virðist sem margir veturgamlir synir hans erfi einnig þann galla. Hins vegar eru afkvæmi Áss miklar glæsiskindur. Þau eru samanrekin og einkennandi er hversu samstæð þau eru í útliti.

Nokkur reynsla er fengin af Ás sem ærföður og bendir hún til þess að dætur hans séu um meðallag bæði í frjósemi og afurðagetu. Kynbótamat hans fyrir frjósemi hækkaði í sumar eftir að við bættust upplýsingar um stóran hóp veturgamalla dætra, tilkominna við sæðingar. Kynbótamat fyrir mjólkurlagi dætra Áss hefur lækkað milli ára en betri mælikvarði á stöðu hans mun fást þegar afurðauppgjör fyrir haustið 2014 liggur fyrir í byrjun næsta árs.

Litaerfðir: Ás er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


Mál og stígun:

2009-50-111-27/3,5/4,5-8,0-8,5-9,0-8,0-9,0-18,5-9,0-8,0-8,0=86,0 stig

Guðni

frá Mýrum 2, Hrótafirði.

Ætt:



09-902

	Guðni 09-902	2014
LAMBHRÚTASKÖPUN	Fjöldi	187
	Pungi	48,0
	Fótleggur	109
	Læri	17,5
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	28,9
	Ómfita	2,7
	Lögun	4,0

Lýsing: Hvítur, gleiðhyrndur með sveran og þróttlegan haus. Herðar fullháar en útlögur góðar. Sterkt, nokkuð breitt bak, breiðar malir með góðri fyllingu. Góð lærahold. Fótstaða sterkleg.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Aðeins um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Togið meðalgróft en fremur stutt.


Reynsla: Guðni 09-902 er nú að hefja sinn

annan vetur á sæðingastöð en þangað var hann valinn sumarið 2013 á grunni góðrar reynslu heima á Mýrum 2 í Hrótafirði. Hann fékk talsverða notkun síðasta vetur og nokkuð stór hópur afkvæma hans kom til skoðunar haustið 2014. Í þeim hópi mátti finna mörg álitleg lömb. Þau voru þroskamikil, þykkt bakvöðva var þó aðeins breytileg. Afkvæmi Guðna voru vel gerð en keppa ekki við afkvæmahópa þeirra sæðishrúta sem skila bestri gerð í afkvæmum sínum. Þó mátti finna nokkra yfirburðaeinstaklinga undan Guðna við skoðun hrútlamba í haust, m.a. skipaði sonur hans eitt af efstu sætunum á héraðssýningu í Dalasýslu.

Dætur Guðna heima á Mýrum hafa bæði reynst frjósamar og góðar afurðaðar. Guðni tilheyrir hópi alhlíða kynbótahrúta sem hefur alla burði til að skila talsverðu til kynbótastarfsins á komandi árum.

Litaerfðir: Guðni er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.



Mál og stigun:

2009-50-112-29/3,2/3,5-8,0-8,0-9,0-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig

Mýr-Lax gjafagrindur og gjafagangar fyrir sauðfé

**GANGA SAMAN Á BRAUTUM
LAUFLÉTTAR STILLINGAR**



Viltu léttu þér störfin?
Smíðum gjafagrindur og
gjafaganga fyrir sauðfé



Tvær útfærslur: Ísetning með taliu eða endasetning með dráttarvél, liðléttingi eða pallettutjakki

Upplýsingar í sínum 898 9808 og 847 0764
og á myrlax.123.is

Grámann

frá Bergsstöðum, Vatnsnesi.

Ætt:

Grámann 10-884

Grábotni 06-833

Mygla 08-822

Grímur 01-928

Grábotna 04-364

Móri 05-212

05-534

Vogum



10-884

	Grámann 10-884	2013	2014
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	218	203
	Pungi	45,7	45,7
	Fótleggur	109	108
	Læri	17,4	17,4
	Ull	7,8	7,9
	Ómvöðvi	29,7	30,0
	Ómfita	2,7	2,9
	Lögum	4,0	4,0

Lýsing: Grábotnóttur, vel hyrndur með svipfríðan haus. Herðar í meðallagi breiðar og vel fylltar. Útlögur góðar. Sterkt og holdgróið bak, ágætlega vel fylltar malir og mjög góð lærahold. Fætur réttir. Jafnvaxinn, bollangur og fallegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Grái liturinn mjög ljós. Ullin mikil og þelið þykkt og mikið.

Togið frekar stutt ofantil en lengra og grófara í síðum.

Reynsla: Grámann 10-884 er að hefja sinn þriðja vetur í notkun á sæðingastöð. Hann hefur verið mikið notaður síðustu tvö ár og stórir afkvæmahópar hans skoðaðir um allt land. Almennt má segja um afkvæmi Grámanns að þau séu heldur undir meðallagi í vænleika en hafi ágætan bakvöðva og séu prýðisvel gerð. Bæði haustin hafa komið fram á sjónarsviðið allmörg yfirburðalömb undan honum en einnig nokkuð af lömbum sem sýna of lítið vegna of lítils þroska. Aukin reynsla er að fást á Grámann sem ærföður, kynbótamat hans fyrir frjósemi lækkaði lítillega milli ára en dætur hans virðast um meðallag í frjósemi. Kynbótamat fyrir mjólkurlagni dætra er nær óbreytt milli ára en betri mælikvarði á stöðu hans mun fást þegar afurðauppgjör fyrir haustið 2014 liggur fyrir í byrjun næsta árs.

Litaerfðir: Grámann er arfblendinn fyrir gráum og botnóttum lit í A-sæti. Jafnframt hefur hann erfðavisi fyrir tvílit og mórauðum lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

Mál og stígun:

2010-48-111-33/3,0/4,5-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=87,0 stig

Salamon

frá Hömrum, Grundarfirði.

(keyptur frá Syðri-Bægisá, Öxnadal)

Ætt:

Salamon 10-906

Kjarkur 08-840

Bomba 09-045

Kveikur 05-965

Mugga 06-521

Toppur 08-048

Sprengja 06-013

Ytri Skógum

Mávahlíð



10-906

MMF:, MFFF: og MFMF: Lækur 02-031 sonur Læks 97-843.

	Salamon 10-906	2014
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	284
	Pungi	47,8
	Fótleggur	108
	Læri	17,6
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	30,0
	Ómfita	2,7
	Lögum	4,1

Lýsing: Svartur, með þróttlegan haus en krapphyrndur. Herðar aðeins þröngar og háar. Bringan breið og útlögur góðar. Bakíð sterkt og átaksgott. Malir vel lagðar með ágæta vöðvafyllingu og lærahold góð. Bollengd í meðallagi. Fótstaða góð.

Ullarlýsing: Hélusvartur. Allmikið um grá hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Reyfið nokkuð jafnt en styttra í baki. Togið meðalgróft.

Reynsla: Salamon 10-906 var fenginn á stöð sumarið 2013 á grunni góðrar reynslu sem lambafaðir á Syðri-Bægisá í Öxnadal. Stór hópur sona hans kom til skoðunar haustið 2014 og var margt athyglisverðra lamba í þeim hópi en sérstaklega öflug mala- og lærahold einkenna mörg þeirra. Viða mátti sjá falleg lömb undan honum skipa sér í toppsæti á héraðssýningum í haust. Það er í samræmi við það sem Salamon hafði áður sýnt á heimaslóð. Þó kom það skýrt í ljós að nái afkvæmi hans ekki góðum vænleika vantar oft talsvert uppá holdfyllingu þeirra. Aðeins bar á því að undan Salamon væru til mjög krapphyrnd hrútlömb núna í haust.

Aukin reynsla er að fást af Salamon sem ærföður en dætur hans virðast bæði frjósamar og góðar afurðær. Salamon er því sterkur kynbótarhútur hvort heldur er til kynbóta á hvítu eða mislitu fé.

Litaerfðir: Salamon er svartur, hefur erfðavisi fyrir tvílit en ekki fyrir mórauðum lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:

2010-45-107-31/2,2/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=85,0 stig

Drumbur

frá Bjarnastöðum, Öxarfirði.
(keyptur frá Gilsbakka, Öxarfirði)

Ætt:

Drumbur 10-918

Bliki 09-153

Minkun 07-708


Korni 07-153

Ljóska 06-632

Ljúfur 05-968

Dalprýði 01-119

FFF: Kveikur 05-965, MMF: Mölur 95-812.



Lýsing: Svartur, aðeins krapphyrndur með svipfríðan haus og breiðar og vel fylltar herðar. Bringa breið og útlögur í meðallagi. Bakhold með því besta sem gerist og mikil vöðvafylling í mölum og lærum. Bollengd í tæpu meðallagi.

Ullarlýsing: Jafn og góður svartur litur, lítið um grá hár. Ullarmagn og finleiki togs í meðallagi.

Reynsla: Drumbur 10-918 kom á sæðingastöð sumarið 2014 á grunni góðrar reynslu af honum sem alhiða kynbótahrút. Hann hefur verið



10-918

notaður á ýmsum bæjum í Norður-Pingeyjarsýslu en tvo síðustu vetur hefur hann verið notaður á Gilsbakka í Öxarfirði.

Veturinn 2011-2012 var hann í afkvæmarannsókn fyrir sæðingastöðvarnar sem þá var haldin á bæjunum Hagalandi og Svalbarði í Pistilfirði. Þá þótti ekki komin næg reynsla á hann sem ærföður. Í rannsókninni sýndi hann mikla yfirburði við dóma á líflömbum en fitumat sláturlamba var honum heldur í óhag. Á Svalbarði var fallþungi afkvæma hans 16,6 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og fyrir fitu 7,7. Meðaltal rannsóknarinnar var 16,2 kg, einkunn fyrir gerð 9,7 og fitu 7,2.

Dætur Drumbs hafa reynst vel en þær eru bæði frjósamar og góðar afurðær líkt og BLUP-kynbótamat hans segir til um. Þannig voru rúmlega 40 dætur hans með 5,6 afurðastig að meðaltali haustið 2013. Móðir hans, Minkun 07-708, átti eitt lamb sem gemlingur en var síðan ætíð tvílembd með 7,6 afurðastig.

Litaerfðir: Drumbur er svartur, hefur erfðavisi fyrir mórauðum lit sem og tvílit – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2010-42-103-41/2,1/5,0-8,0-9,0-8,5-10,0-9,0-19,0-7,5-8,0-8,0=87,0 stig

Höfðingi

frá Leiðólfsstöðum, Laxárdal.

Ætt:

Höfðingi 10-919

Skugga-Sveinn 07-876

Ella 04-404


frá Hólum, Hvammssveit

Gráni 03-957

Mógolsa 02-398

Óþekktur

Óþekkt



Lýsing: Hyrndur, mórauður með svipmikinn haus. Fremur grófur um herðar og útlögur í meðallagi. Bak sterkt, malir langar og fylling þökkaleg. Lærstöð er kúptur og vel lagaður. Höfðingi er bollangur hrútur og myndarlegur á velli.

Ullarlýsing: Dökkmórauður með mikla og fallega mórauða ull. Mórauði liturinn er jafn um allt reyfið. Togið í meðallagi gróft og jafnt, fremur hrokkið.

Reynsla: Höfðingi 10-919 er annar tveggja mórauðra hrúta sem sæðingastöðvarnar festu kaup á sumarið 2014. Höfðingi vakti fyrst athygli á héraðssýningu lambhrúta í Dalasýslu haustið 2010 þar sem hann skipaði efsta sætið í flokki mislitra hrúta. Haustið 2014 var



10-919

fallþungi afkvæma hans 15,5 kg, einkunn fyrir gerð 8,8 og fitu 7,0. Búsmeðaltalið var 15,3 kg, einkunn fyrir gerð 8,8 og fitu 6,3. Talsverð reynsla er fengin á dætur Höfðingja, um 40 dætur hans voru um meðaltal hvað varðar frjósemi árið 2013 og meðalafurðastig þeirra að hausti voru 5,2. Höfðingi hefur verið notaður víða í Dalasýslu og eiga afkvæmi hans það sammerkt að vera þroskamikil og vel gerð en aðeins í feitari kantinum.

Móðir Höfðingja, Ella 04-404, átti eitt lamb sem gemlingur og tveggja vetra en var alltaf tvílembd eftir það með 7,5 afurðastig. Þó ætterni Ellu sé ekki tilgreint í ættartré liggur margra ára ræktun á mórauðu fé að baki henni. Kristján Jónsson ræktandi hennar var aldrei með hjörð sína í skýrsluhaldi en hann lést árið 2008. Hann fékk þó víða mórauða hrúta, tilkomna við sæðingar, til kynbóta í hjörð sinni.

Litaerfðir: Höfðingi er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – erfir ekki tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2010-50-111-31/2,9/4,5-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=85,0 stig

NEW HOLLAND rúlluvélar

Gæði - ending - afköst - þjónusta



Ein...

BR6090 RC

Einföld rúlluvél á einföldu verði.

Verð kr. 3.790.000.- án vsk. (kr. 4.756.450.- m.vsk)*

Tvær...

BR6090 Combi

Sterk og endingargóð vél sem hefur sannað sig við íslenskar aðstæður. Aflþörf með því minnsta sem gerist.

Verð kr. 7.790.000.- án vsk. (kr. 9.776.450.- m.vsk)*

...og þrjár stærðir af rúlluvélum

RB 135 Ultra

Rúlluvél sem stenst miklar kröfur bænda. Baggahólf 1,20x1,35m sem þýðir umtalsverðan plast sparnað. 20 hnífar tryggja vel saxaðar rúllur.

* Miðað við gengi Evru 154.



NEW HOLLAND

AGRICULTURE




 **KRAFTVÉLAR**


Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

Kölski

frá Svínafelli 2 - Víðihlið, Örfælasveit.



MMF: Vísir 01-892, MMMF: Víðir 98-887



Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Bringan er breið og herðar með góðri holdfyllingu en lítillháttar slöður fyrir aftan bóga. Breitt og sterkt bak. Mala- og lærahold góð. Kölski er sterklegur hrútur, bollangur og samsvarar sér vel.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum og mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Ullarstuttur í baki. Togið meðalfínt en stutt ofantil. Svört doppa á mölum.

Reynsla: Kölski 10-920 var fenginn á sæðingastöð sumarið 2014. Valið grundvallast á góðri reynslu á heimabúi en líkt og kynbótamat hans gefur til kynna er Kölski ákaflega álitlegur alhliða kynbótahrútur. Sem

lambafaðir hefur hann staðið sig vel. Á síðustu þremur árum hefur hann átt í kringum 60 sláturlömb hvert haust. Fallþungi þeirra hefur verið við búsméðaltal, gerðin nokkuð fyrir ofan meðaltal búans en fitan undir. Haustið 2013 var meðalfallþungi afkvæma hans 16,3 kg, einkunn fyrir gerð 9,2 og fitu 5,8. Búsméðaltalið var 16,4 kg, gerð 9,0 og 6,2 fyrir fitu. Dæturnar sýna mikla frjósemi og eru töluvert yfir búsméðaltali í öllum aldursflokkum en meðalfurðastig þeirra voru 5,5 haustið 2013. Öflugir dætraeiginleikar Kölska ættu ekki að koma á óvart enda sterkir kynbótahrútar sem standa að baki honum.

Móðir Kölska, Renna 07-727, er afbragðs afurðaðæ, var einlembd gemlingur, tvílembd tveggja vetra en ætíð þrílembd eftir það með 8,0 afurðastig.

Litaerfðir: Kölski er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2010-40-109-30/2,1/4,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,0-8,0-8,0-8,5=85,5 stig

Prúður


frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.



MMF: Bessi 99-851



	Prúður 11-896	2013	2014
Fjöldi	465	97	
Þungi	45,4	45,9	
Fótleggur	108	108	
Læri	17,4	17,5	
Ull	7,8	7,9	
Ómvöðvi	28,5	29,4	
Ómfita	2,7	2,8	
Lögun	4,0	4,0	



Lýsing: Hvítur, hyrndur og svipfríður. Háls er stuttur og herðar holdgrónar. Útlögur mjög góðar. Bak með þykkum vöðva. Malir í meðallagi langar en frábærlega fylltar. Lærvöðvinn þykkur og fyllir vel upp í krika. Góð fótstaða. Jafnvaxinn og ágætlega bollangur hrútur sem jafnframt er glæsilegur á velli.

Ullarlýsing: Ljósugulur í hnakka og á fótum. Örlítið gult í reyfi.

Ullarmagn í meðallagi. Pel jafnt og þykkt. Tog hrokkið og fremur fínt. **Reynsla:** Prúður 11-896 er að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Hann fékk gríðarlega mikla notkun strax á fyrsta ári enda glæsilegur einstaklingur á velli. Útkoma úr lambamælingum haustið eftir sýndi að hann gaf býsna breytilegan bakvöðva en oft góðan afturpart og gott holdfyllingarmat í sláturhúsi sem var í fullu samræmi við niðurstöður afkvæmarannsóknarinnar í Ytri-Skógum haustið 2012. Breytileikinn í afkvæmahópnum er samt sem áður talsverður. Veturgamlir synir hans skiluðu all margir vel gerðum sláturlömbum.

BLUP-kynbótamat Prúðs fyrir dætraeiginleika segir að dætur hans muni verða frjósamar og góðar afurðaðæ. Fyrstu upplýsingar um dætur benda til að svo sé, en stór dætrahópur sýndi góða frjósemi síðasta vor. Ekki er kominn öruggur dómur á mjólkurlagni þeirra, þó er útlit fyrir að þær skili vænleika yfir meðallagi en það kemur allt saman í ljós á komandi vikum þegar afurðauppgjör haustsins liggur fyrir.

Litaerfðir: Prúður er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2011-59-105-40/2,9/5,0-8,0-9,0-9,0-9,5-9,5-18,5-8,0-8,0-9,0=88,5 stig




Íslenska ullin er einstök

Íslenskt sauðfé hefur gefið Íslendingum skjólmikla ull sem náttúran hefur þróað eftir veðri og vindum í meira en 1000 ár.



Garri

frá Stóra-Vatnshorni, Haukadal.



MFF: Kuldi 03-924.



Garri 11-908		2014
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	400
	Pungi	46,1
	Fótleggur	108
	Læri	17,5
	Ull	8,0
	Ómvöðvi	30,5
	Ómfita	2,8
	Lögun	4,1

Lýsing: Hvítur, mjög vel hyrndur með þróttlegan og svipmikinn haus. Háls stuttur og herðar vel fylltar. Bringan breið og útlögur miklar. Breitt bak með þykkum vöðva. Malir feikilega vel holdfylltar. Þykkur, kúptur og mikill lærvöðvi. Garri er örlítið útskeifur á öðrum framfæti. Frísklegur hrútur og glæsilegur á vellí.

Ullarlýsing: Fölgulur á fótum, aðeins gult í


reyfi. Mjög ullarmikill, reyfið þykkt og jafnt. Tog í meðallagi langt og fremur fínt. Pelið mjög mikið og þykkt.

Reynsla: Garri 11-908 kom á stöð sumarið 2013 á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Stóra-Vatnshorni. Hann fékk mikla notkun síðasta vetur og gríðarstór hópur afkvæma hans kom til skoðunar nú í haust. Afkvæmin eru heldur undir meðallagi í vænleika, hafa lítil fitu en eru oft á tíðum með frábær bak- mala- og lærahold. Þar sem vænleiki var lítil (<40 kg lifandi þunga) vantaði oft uppá að kostir afkvæmanna kæmu vel fram. Þau afkvæmi hans sem fóru í slátrhús í haust flokkuðust mjög vel en rúm 60% þeirra fóru í holdfyllingarflokk E og U, þar af 12% í E. Víða skipuðu synir Garra sér í efstu sæti á héraðssýningum nú í haust.

Vaxandi reynsla er að fást á hann sem ærföður, dætur hans sýndu góða frjósemi vorið 2014 og eru einnig dugmiklar afurðar líkt og BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika sýnir þó það byggi enn að mestu á ætternismati.

Litaerfðir: Garri er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.




Mál og stigun:

2011-49-106-34/2,6/4,5-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,5-8,0-8,0-9,0=86,5 stíg

Bursti

frá Hesti, Borgarfirði.



*07-617 er sammæðra Bekra 12-911. MFF: Raftur 05-966, FFFF: Borði 08-838, FFMF: Busi 03-946, MMMF: Náli 98-870.

Bursti 12-912		2014
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	211
	Pungi	46,2
	Fótleggur	107
	Læri	17,7
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	32,3
	Ómfita	2,7
	Lögun	4,3

Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með sveran haus. Ágæt frambygging. Þrýðileg vöðvafylling í baki og malir mjög vel fylltar. Lærahold góð. Örlítill slaki í kjúkum á framfótum. Bollengd í meðallagi.

Ullarlýsing: Fölgulur á fótum, lítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Pelið nokkuð þykkt og jafnt. Togið stutt en í meðallagi fínt.

Reynsla: Bursti 12-912 var einn fjögurra hrúta sem komu á sæðinga-



stöð haustið 2013 að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti. Bursti fékk talsverða notkun síðasta vetur og afkvæmahópurinn sem kom til skoðunar skipar honum í hóp „stjórnuhrúta“ haustsins. Afkvæmi hans eru aðeins undir í vænleika en ákaflega holdþétt og vel gerð í alla staði. Góð gerð endurspeglast síðan í gríðarlega hagstæðri flokkun þeirra lamba sem slátrað var undan Bursti líkt og kynbótamat hans gefur til kynna. Yfirburðir Bursti eru því miklir ef bæta á vaxtarlag.

Lítill reynsla er fengin á Bursti sem ærföður en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika sem enn byggir nær eingöngu á ætternismati er honum heldur í óhag þegar kemur að frjósemi. Þar vega áhrif frá forfeðrum hans, s.s. Borða 08-838, þungt. Matið segir hins vegar að dætur hans verði góðar afurðar. Veturgömlu ærnar sýndu frjósemi aðeins undir búsméðaltali á Hesti vorið 2014. Upplýsingar byggðar á stórum dætrahofum um allt land næsta vor sker svo úr um hvar hann stendur í þeim efnum.

Litaerfðir: Bursti er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2012-50-109-36/4,0/4,5-8,0-9,0-9,0-9,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=87,5 stíg

Vetur

frá Hesti, Borgarfirði.



MFF: Bjálki 06-995, FMFF: Kveikur 05-965, FMMF: Kuldi 03-924, MMFF: Gaddur 04-950, MMMF: Lóði 00-871



	Vetur 12-914	2014
LAMBRÚTASKODUN	Fjöldi	131
	Pungi	45,8
	Fótleggur	108
	Læri	17,6
	Ull	7,7
	Ómvöðvi	31,0
	Ómfita	2,7
	Lögun	4,2

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með stuttan, svipfríðan haus. Herðar heldur háar og vantar aðeins í fyllingu aftan við bóga. Bakið sterkt og breitt með þokkalegu átaki. Malir vel lagaðar með góða vöðvafyllingu. Þrýðilega löguð læri. Bollengd góð. Fætur réttir og sterkir. Gæfur og skemmtilegur í umgengni.

Ullarlýsing: Gulur á haus, fótum og dindli. Mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið mikið

12-914


en stutt í baki, fremur gróft. Þelið þokkalega þykkt en jafnt.

Reynsla: Vetur 12-914 kom á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn á Hesti haustið 2013. Hann fékk talsverða notkun síðasta vetur og afkvæmahópur sem taldi rúm 130 hrútlömb kom til skoðunar í haust. Pungi þeirra var aðeins undir meðallagi en margt athyglisverðra lamba var þó í hópnum. Einkennandi fyrir hópinn voru góð mala- og lærahold en stundum skorti þó að frampartur væri nógu vel lagaður. Afkvæmahópur Vetur er um meðaltal hvað snertir bakvöðva og í heildarstigum þegar sæðingahrútararnir eru bornir saman. Flokkun sláturlamba var góð en hátt hlutfall þeirra fór í holdfyllingarflokk U. Talsvert var um mjög gul lömb undan Vetri, svo hann mun seint teljast til kynbóta á ullargæðum.

Lítill reynsla er enn fengin á Vetur sem ærföður, aðeins eru til veturgamlar ær undan honum á Hesti. Þær voru á búsméðaltali í frjósemi eða 1,3 lömb fædd á hverja kind. BLUP-kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni spáir að dætur hans eigi að vera um meðaltal sem afurðaðær.

Litaerfðir: Vetur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.




Mál og stigun:


2012-46-110-29/2,6/4,5-8,0-8,5-8,0-8,5-9,0-17,5-7,5-8,0-8,5=83,5 stig

Danni

frá Sveinungsvík, Pistilfirði.



MFF: Kveikur 05-965, MMF: Lómur 02-923, FMMF: Áll 00-868, MMFF: Cat 04-992.



Lýsing: Hvítur, með fríðan haus og fremur finhyrndur. Herðar breiðar og holdfylltar en lítillsháttar slöður fyrir aftan bóga. Brjóstkassi hvelfdur og útlögur góðar. Bak, malir og læri mjög vel holdfyllt. Glæsilegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Gulur í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið stutt og fremur fingert.

hnakka og á fótum. Töluvert um gul hár í ull. Ullarmagn í tæpu meðallagi. Togið stutt og fremur fingert.

Reynsla: Danni 12-923 er einn þeirra þriggja hrúta sem valdir voru fyrir stöðvarnar á grunni afkvæmarannsóknar í Norður-Pingeyjarsýslu

haustið 2014. Danni kom mjög vel út úr öllum þáttum rannsóknarinnar og sýndi að hann er sterkur lambafaðir, skilar þéttvöxnum og holdmiklum lömbum. Hann var með hæstu heildareinkunnina í afkvæmarannsókninni á Presthólum byggðri á hrútlömbum og hæstu kjötmatseinkunnina á Snartarstöðum. Þar var meðalfallpungi afkvæma hans 19,9 kg, einkunn fyrir gerð 11,4 og fitu 7,5. Meðaltal rannsóknarinnar þar var 19,5 kg, mat fyrir gerð 10,1 og fitu 7,5.

Lítill reynsla er komin á Danna sem ærföður en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika sem byggir að mestu á ætterni segir, að dætur verði um meðallag hvað þá eiginleika snertir.

Móðir Danna, 08-853 var geld sem gemlingur en tvílembd eftir það utan eitt skipti. Hún hefur reynst góð afurðaðær og er með 6,5 afurðastig.

Litaerfðir: Danni er arfblendinn hvítur, gefur tvílitt en ekki mórauðan lit – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:


2012-45-103-34/2,1/4,5-8,0-9,0-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=85,0 stig

Jóker


frá Laxárdal, Þistilfirði.

Ætt:

Jóker 12-924



MMF: Lundi 03-945



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með svipmikkinn haus. Herðar nokkuð háar en holdfylltar. Bringan breið og miklar útlögur, bakið breitt og átaksgott. Malir breiðar og holdgóðar. Lærövövi þykkur en mætti klæða betur niður á hækilinn. Jóker er feikna bollangur og mikil

glæsikind. Hann er gæfur og rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Gul hár fundust ekki í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Þel jafnt og þykkt. Togið fremur stutt og hrokkið, fíngert og gljáandi.

Reynsla: Jóker 12-924 er einn þeirra þriggja hrúta sem valdir voru inn á sæðingastöðvarnar úr afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Norður-Þingeyjarsýslu sem fram fór á Snartarstöðum og Presthólum haustið



12-924

2014. Á Presthólum vantaði aðeins upp á proska afkvæma Jókers og kostir þeirra nutu sín lítt. Hann átti hins vegar glæsilegan hóp á Snartarstöðum sem staðfesti fyrri niðurstöður af heimabúi. Meðalbakvöðvaþykkt 11 hrútlamba þar var 34,1 mm en meðalþykkt bakvöðva í rannsókninni var 32,7 mm. Meðalfallþungi afkvæma hans var sá mesti í samanburðinum á Snartarstöðum eða 20,6 kg, einkunn fyrir gerð var 10,6 og 7,7 fyrir fitu. Meðaltal rannsóknarinnar var 19,5 kg, gerð 10,1 og fita 7,5. Kostir Jókers sem lambaföður munu nýfast best þar sem vænleiki lamba er mikill.

Dætur Jókers fara vel af stað, en 10 veturgamlar ær í Laxárdal áttu 1,3 lömb að jafnaði í vor sem var talsvert yfir meðaltali. BLUP-kynbótamat fyrir mjólkurlagni er þeim síðan mjög hagstætt.

Móðir Jókers, Kusa 08-006 er mikil afurðær, var tvílembd gemlingur og ætíð eftir það utan eitt skipti sem hún var þrílembd og hefur 7,0 afurðastig.

Litaerfðir: Jóker er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2012-44-104-36/1,5/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=86,0 stig

Lækur

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.

Ætt:

Lækur 13-928



MMF: Lundi 03-945, FMFF: Raftur 05-966; MFMF: Lóði 00-871, MMFF: Dreitill 00-891.



Lýsing: Hvítur, með stuttan fremur fríðan haus, grófhyrndur. Herðar þokkalega breiðar og brjóstkassi mjög vel sívalur. Bakið átaksgott. Mala- og lærahold afbragðsgóð. Bollengd í meðallagi. Lækur er jafnvaxinn hrútur og fagaður að allri gerð.

Ullarlýsing: Gulur í hnacka og á fótum. Örlítið gult í reyfi. Fremur ullarmikill og reyfið jafnt. Togið fremur fíngert, hrokkið og gljáandi.

Reynsla: Lækur 13-928 var valinn á stöð að lokinni afkvæmarannsókn í Ytri-Skógum haustið 2014 en þar stóð hann efstur að heildarstigum í sterkum samanburði veturgamalla hrúta þar á bæ. Við mat á líflömbum



13-928

sýndu afkvæmi hans yfirburði og átti hann marga athyglisverða syni. Hrútlömbin undan honum mældust með 31 mm þykkann bakvöðva að jafnaði og fengu 17,9 í lærastig, en meðaltal rannsóknarinnar fyrir þessa eiginleika var 29,8 mm og 17,6 stig. Meðalfallþungi afkvæma hans var 17,3 kg, meðaleinkunn fyrir gerð 10,6 og fitu 6,8. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,5 kg, gerð 10,5 og fitu 6,8.

Móðir Læks, Rás 11-813, er afbragðs afurðær, tvílembd gemlingur og ætíð eftir það með 8,4 afurðastig. Líkt og gefur að skilja er Lækur óreyndur sem ærfaðir sökum ungs aldurs. Kynbótaeinkunn hans, eingöngu byggð á ætternismati, gefur til kynna að dætur hans verði mjólkurlagnar. Tiltölulega laka spá fyrir frjósemi má rekja til afa hans Borða 08-838. Reimar 11-433, faðir Læks hefur gefið þrýðilega frjósamur dætur og því vonandi að dætur Læks verði það einnig.

Litaerfðir: Lækur er arfblendinn hvítur, erfir ekki mórauðan lit – gefur hreinhvítt og líklega tvílit þó hann hafi ekki eignast nein tvílit afkvæmi ennþá.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2013-49-106-29/3,3/4,0-8,0-9,0-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=86,0 stig



Yleiningar fyrir íslenska veðráttu

Hjá Límtré Vírnet færðu léttar stálsamlökueiningar með polyúreþan- eða steinullareinangrun á milli.

Henta í útveggi og þök, milliveggi og loft, kæli- og frystiklefa, fyrir heimili og fyrirtæki. Raka- og vindþéttar, einangra vel, auðþrífnaðar, illtendanlegar, gæðaprófaðar, léttar, fljótuppsettar, þaulreyndar og hagkvæmar.

Kynntu þér Yleiningar á limtrevirnet.is.



Límtré Vírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur

Netfang - sala@limtrevirnet.is

BÆNDUR
*hjá okkur fáid þið
allt það helsta
sem ykkur vantar
til búreksturs:*

- * Áburður
- * Sáðvörur
- * Rúlluplast
- * Fóðurvörur
- * Girðingarefni
o.m.fl.



BÚAÐFÖNG

bu@bu.is

Bu.is ehf. • Stórolfsvöllur • 861 Hvolsvöllur
Sími 487 8888 • Fax 487 8889

Baugur

frá Efstu-Grund, Eyjafjöllum.

Ætt:

Baugur 10-889



MMF: Lundi 03-945, MFFF: Ormur 02-933.


	Baugur 10-889	2013	2014
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	39	167
	Þungi	49,6	48,5
	Fótleggur	110	110
	Læri	17,6	17,6
	Ull	8,4	8,3
	Ómvöðvi	29,9	29,7
	Ómfita	3,0	3,1
	Lögun	4,0	4,1

Lýsing: Hvítur, kollóttur með svipmikkinn og fríðan haus. Stuttur háls, breiðar en aðeins hrjúfar herðar. Útlögur í meðallagi. Sterkt bak. Malir breiðar og fremur vel vöðvaðar. Lærahold frábær. Fætur réttir. Bollangur og sterklegur hrútur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, fremur ullarmikill með þykkt þel. Togið í meðallagi langt og fremur fínt en aðeins stutt í baki.



Mál og stigun:



10-889

Reynsla: Baugur er nú að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Hann fékk frekar takmarkaða notkun fyrsta veturinn en skipaði sér hins vegar í hóp „stjörnuhrúta“ eftir að hafa fengið mun meiri notkun síðasta vetur og mun stærri afkvæmahóp til skoðunar haustið 2014. Afkvæmi hans eru þroskamikil, hafa þykkun bakvöðva og eru vel gerð. Baugur er einn allra öflugasti sonur Boga 04-814 m.t.t. holdfyllingar. Víða mátti sjá syni hans skipa sér í efstu sæti á héraðssýningum í haust og m.a. var héraðsmeistari á fyrstu héraðssýningu lambhrúta í Strandasýslu sonur Baugs.

Sú reynsla sem fengin er af dætrum Baugs byggir á upplýsingum frá síðasta vetri fyrir tæplega 80 ær. Þær sýndu ágæta frjósemi í vor og hækkaði kynbótamat hans fyrir frjósemi örlítið. Sem afurðaðer hafa dætur hans heima á Efstu-Grund skilað góðum lömbum. Baugur stendur því vel undir því að vera einn af athyglisverðari kynbótahrútonum sem fram hafa komið í kollótta fénu.

Litaerfdir: Baugur er arfhreinn hvítur- gefur hreinhvít. **Arfgerðargreining v/riðusmits:** Hlutlaus.

2010-45-104-29/2,8/3,5-8,0-8,0-7,5-8,5-8,5-17,0-8,5-8,0-8,0=82,0 stig

Roði

frá Melum 1. Árneshreppi.

(keyptur frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði)

Ætt:

Roði 10-897



FMF: Frakksson 03-974, FFMF: Partur 99-914, MFF: Ljómi 92-971, MMF: Glæsir 98-876.

	Roði 10-897	2014
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	265
	Þungi	49,2
	Fótleggur	111
	Læri	17,4
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	28,8
	Ómfita	3,1
	Lögun	4,0

Lýsing: Hvítur, kollóttur með þróttlegan haus, með breiðan og vöðva-fylltan háls, breiðar herðar og miklar útlögur. Bakið mjög breitt og átökugott. Malir mjög vel vöðva-fylltar. Lær-vöðvi kúptur og fyllir vel upp í klofið. Fætur réttir og sterklegur. Tignarlegur hrútur á velli, bollangur og breið-vaxinn.

Ullarlýsing: Sterkgulur á haus, fótum og á dindli en ekki fannst mikið af



Mál og stigun:



10-897

gulum hárum í reyfi. Feiknalega ullarmikill. Pelið þykkt. Togið jafnt og fremur fínt, aðeins gróft í síðum.

Reynsla: Roði kom á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn í Strandasýslu haustið 2013. Þar skilaði hann ákaflega jafngóðum afkvæmahópi. Hann fékk mikla notkun síðasta vetur og átti stærsta afkvæmahóp kollóttis hrúts sem kom til skoðunar haustið 2014. Afkvæmi hans eru kostamikil. Þau eru harðholda með öflugan bakvöðva samhliða afbragðs mala- og læraholdum. Mikið var um virkjamikil og glæsileg lömb á velli undan honum í haust. Nokkrir synir hans hafa komið ljómandi vel út sem lambafæður.

Nokkur reynsla er komin á dætur Roða en BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika segir að þær verði bæði ágætlega frjósamir og góðar afurðaðer. Jákvæð reynsla er af dætrum hans á þeim búum sem hann var notaður á áður en hann var tekinn á sæðingastöð.

Litaerfdir: Roði er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


2010-48-111-29/2,3/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-18,5-7,5-8,0-9,0=87,0 stig

Radix

frá Hjarðarfelli, Snæfellsnesi.
(Keyptur frá Möðruvöllum, Hörgárdal)



FFF: Ormur 02-933, FFMF: Glæsir 98-876, FMFF: Partur 99-914.



Lýsing: Svartfleckóttur, kollóttur. Haus þreklegur, herðar breiðar og þokkalega holdfylltar. Bak, mala- og lærahold í góðu meðallagi. Bollangur og sterklegur hrútur. Gæfur.

Ullarlýsing: Svartfleckóttur, ullarmikill. Togið

meðalfint en ekki hrokkið. Þelið þykkt og mikið.

Reynsla: Radix 10-931 bættist við hrútahóp sæðingastöðvanna sumarið 2014. Radix kemur frá hinu þekktu fjárræktarbúi Hjarðarfelli á Snæfellsnesi en var seldur sem lamb til Þórðar Sigurjónssonar sem nú stundar sauðfjárrækt á Möðruvöllum 2 í Hörgárdal. Þar og víðar í Hörgárdal hefur Radix verið notaður. Hann er prýðisgóður lambafaðir



10-931

en vænleiki afkvæmanna er yfirleitt allmikið yfir búsméðaltali. Haustið 2014 var fallþungi afkvæma hans 19,8 kg, gerð 9,7 og fita 7,7. Búsméðaltalið var 18,9 kg, einkunn fyrir gerð 9,8 og fitu 7,5.

Val hans á sæðingastöð grundvallast hins vegar fyrst og fremst á því hversu efnilegur ærfaðir hann er. Dætur hans eru vel yfir meðallagi frjósamar og feikilega mjólkurlagnar. Fyrir framleiðsluárið 2014 liggja fyrir upplýsingar um 14 dætur og eru afurðastig þeirra að meðaltali 5,95.

Móðir Radix, Kápa 07-724, hefur verið farsæl ær, var tvílembd gemlingur, hefur einu sinni verið einlembd og einu sinni þrílembd, annars tvílembd með 4,9 afurðastig.

Litaerfðir: Radix er arfhreinn fyrir svörtum lit. Sem tvílitur hrútur gefur hann auk tvílitur hreinhvít, leyfi móðurætt slíkt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

Mál og stigun:


2010-46-106-27/3,0/4,0-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=83,5 stig

Faldur

frá Bassastöðum, Steingrímsfirði.
(Keyptur frá Melum 1, Árneshreppi)



FMFM: Boli 99-874, MFMF: Partur 99-914.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með sveran og svipmikinn haus. Herðar vel breiðar en lítilsháttar slöður aftan við bóga. Bringan breið og útlögur í meðallagi. Bakið sterkt og holdfyllt. Lærahold góð og vöðvinn kúptur.

Bollangur og sterklegur hrútur. Faldur er spakur og rólegur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Ullin fín og magnið í meðallagi. Togið fremur stutt og fingert, mjög stutt í baki.

Reynsla: Faldur 11-933 er einn fjögurra hrúta sem teknir voru á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn á Melum og í Bæ í Árneshreppi haustið 2014. Hann er fæddur á Bassastöðum en var seldur



11-933

sem lamb að Melum 1 í Árneshreppi. Í rannsókninni komu í ljós aðalsmerki afkvæma hans sem hafa þykkar bakvöðva ásamt góðri gerð og góðum vænleika en eru sum í feitara lagi. Hliðstæða yfirburði hefur hann sýnt síðustu tvö haust. Á Melum var meðalfallþungi afkvæma hans 16,3 kg, gerð 10,6 og fita 6,5. Meðaltal rannsóknarinnar á Melum var 16,9 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,5 og fitu 6,6. Í Bæ var meðalfallþungi afkvæma hans 16,7 kg, gerð 9,4 og fita 7,6. Meðaltal rannsóknarinnar í Bæ var 15,9 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,1 og fitu 6,2.

Takmörkuð reynsla er fengin af dætrum Falds en BLUP-matið fyrir afurðaeiginleika er nær eingöngu byggt á ætterni. Það segir að dætur Falds verði um meðallag bæði í frjósemi og afurðum.

Móðir Falds, 09-537 var einlembd gemlingur en tvílembd eftir það utan einu sinni, með 4,8 afurðastig.

Litaerfðir: Faldur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2011-49-105-31/3,6/4,0-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-17,0-8,5-8,0-8,0=83,5 stig

Skafti


frá Melum 1, Árneshreppi.



FFMF: Ljómi 02-971.



12-935



Lýsing: Hvítur, kollóttur með stuttan og fríðan haus, breiða bringu og góða holdfyllingu um herðar. Brjóstkassi sívalur. Bak, malir og læri vel holdfyllt. Bollengd í meðallagi og samsvarar hann sér vel á velli.

Ullarlýsing: Fölgulur á

haus og fótum en ekki áberandi gul hár í reyfi. Ull í tæpu meðallagi. Pelið mikið, þokkalega jafnt. Togið misjafnt, gróft í síðum og baki, fremur stutt, sérstaklega á baki.

Reynsla: Skafti 12-935 er einn fjögurra hrúta sem teknir voru á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn í Árneshreppi haustið 2014. Hann vakti athygli haustið 2013 fyrir gríðarlega vel gerð afkvæmi, en faðir hans Stafur 10-645 hefur verið einn þeirra hrúta sem hafa

gefið hvað best gerð afkvæmi þar í sveit undanfarin ár. Erfiðlega gekk að nota Skafta fyrstu daga fengitíðarinnar í fyrra og því voru afkvæmi hans heldur yngri en annarra hrúta og öll á Melum. Margt glæsilegra lamba var að finna í afkvæmahópnum, en aðalsmerki þeirra er góð gerð samhliða lítilli fitu. Meðalfallþungi afkvæma hans var 15,8 kg, mat á gerð 10,6 og fitu 5,7. Meðaltal rannsóknarinnar á Melum var 16,9 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,5 og fitu 6,6.

Takmörkuð reynsla er fengin á dætur Skafta. Af átta veturgömlum ám á Melum var ein geld, sex einlembdar og 1 tvílembd voruð 2014. BLUP-matið fyrir afurðaeiginleika er nær eingöngu byggt á ætterni. Það segir að dætur Skafta verði um meðallag bæði í frjósemi og afurðum. Móðir Skafta, Líney 09-221 hefur verið farsæl afurðaðær, tvílembd gemlingur og ætíð eftir það með 6,2 afurðastig.

Litaerfðir: Skafti er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:

2012-38-105-28/2,2/5,0-8,0-8,5-9,0-8,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=85,5 stig

Poku-Hreinn

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.



MMFF: Ægir 01-916, *Bolla 02-419 var móðir Bolla 06-821.



13-937



Lýsing: Hvítur, kollóttur með smágerðan en fríðan haus. Herðar ágætlega holdfylltar og þokkalegar útlögur. Bak ágætt og malir nokkuð vel lagaðar. Lærahold í góðu meðallagi.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Dröfnóttur á eyrum. Ullar-

mikill. Gul hár fundust ekki í reyfi en það er jafnt og þykkt. Togið nokkuð mikið og í meðallagi fínt.

Reynsla: Poku-Hreinn kom á stöð haustið 2014 en hann er fyrsti hrúturinn sem kemur á stöð í tengslum við verkefni sem miðar að því að hafa arfhreina Pokugenshrúta fyrir sæðingastöðvarnar, það er að segja hrúta sem hafa fengið Pokugen frá báðum foreldrum. Þegar

hrútar eru arfhreindir hvað þetta gen varðar munu öll lömb undan þeim bera Pokugen. Þannig má hafa betri stjórn á fjölda kinda með Pokugen á hverjum tíma fyrir sig, en með notkun arfblendinna Pokugenshrúta, kjósi menn svo.

Við skoðun lamba á Heydalsá í haust var talsvert af athyglisverðum lömbum undan Poku-Hreini en afkvæmi hans voru væn, ágætlega gerð og með litla fitu. Fallþungi afkvæma hans var 19,4 kg, gerð 10,4 og fita 7,0. Búsmeðaltalið var 18,3 kg, einkunn fyrir gerð 10,6 og fitu 7,1.

Sem arfhreinn Pokugenshrútur mun hann gefa mjög frjósamur dætur en jafnframt hefur hann hagstæða kynbótaspá fyrir mjólkurlagni svo dætur hans ættu einnig að verða góðar afurðaðær.

Móðir Poku-Hreins, 10-451 var tvílembd gemlingur en ætíð þrílembd eftir það með 5,2 afurðastig.

Litaerfðir: Poku-Hreinn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.


Mál og stígun:

2013-46-108-27/3,0/3,5-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-17,5-7,5-8,0-8,0=82,5 stig

FELDFJÁRHRÚTUR

Gráfeldur

frá Bakkakoti, Meðallandi



08-894

Lýsing: Grár, kollóttur með stuttan, þróttlegan og sveran haus. Aðeins grófur um herðar en með þokkalegar útlögur. Bakið sterklegt, breiðar malir með allgóða vöðvafyllingu. Lærahold í meðallagi, bollengd góð. Fætur réttir. Breiðvaxinn og sterklegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Steingrár, jafn litur. Fremur ullarmikill. Þelið jafnt. Togið fínt og hrokkið, sérstaklega í baki en aðeins gróft í síðum.

Reynsla: Gráfeldur 08-894 kom á stöð sumarið 2013 þegar ákveðið var í fyrsta sinn að taka hrút af feldfjárstofni til notkunar á sæðingastöð. Feldfé hefur verið ræktað í Meðallandi frá því um 1980 en stofninn er ekki stór. Við ræktun feldfjár er lagt mat á fimm ullareiginleika. Þeir eru: Hreinleiki litar, lokkun ullar, þéttleiki ullar og gljái og hárgæði. Þessa ullareiginleika er auðvelt að vinna með í kynbótum þar sem arfgengi þeirra er hátt en rétt að taka fram að ullargæðin kæmu ekki

fram í blöndun strax í fyrstu kynslóð ef Gráfeldur væri notaður á ær sem ekki sköruðu fram úr í þeim eiginleikum sem lýst var að framan. Við skoðun lamba í Bakkakoti undanfarin ár hafa afkvæmi Gráfelds verið yfir meðaltali í öllum fyrrnefndum eiginleikum nema þéttleika ullar þar sem þau eru á meðaltali.

Ull af fé með mikil feldgæði er mjög skemmtileg viðkomu og rétt að viðhalda framleiðslu hennar með það í huga að vaxandi eftirspurn er eftir henni meðal handverksfólks. Gráfeldur er ekki til þess fallinn að bæta vaxtarlag og skal það haft í huga áður en hann er notaður í stórum stíl.


Litaerfðir: Gráfeldur er arfblendinn grár, ekki er þekkt að hann gefi mórautt eða tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

FERHYRNDUR HRÚTUR

Höfði

frá Mörtungu 2, Síðu



FFF: Hvellur 05-969.

Lýsing: Fallega ferhyrndur með stuttan háls en fullháar herðar. Útlögur þokkalegar. Holdfylling á baki, mólum og lærum allsæmileg. Bollengd góð og fætur sterkir.

Ullarlýsing: Hreinhvítur, fremur ullarmikill. Þelið mikið og þykkt. Togið fingert, hrokkið en stutt.

Reynsla: Höfði 11-909 var fenginn á stöð sumarið 2013 til að gefa fleiri bændum tækifæri til að eignast ferhyrnda kindur svo varðveita megi þennan eiginleika í sauðfjárstofninum en nokkur ár eru síðan slíkur hrútur var síðast á sæðingastöð. Erfðir ferhyrnda eiginleikans stjórna af ríkjandi geni sem gefur fjögur horn í stað tveggja og nægir að annað foreldranna hafi genið til að eiginleikinn komi fram. Ferhyrnt er alltaf sýnilegt og ef kind, undan ferhyrnda foreldri, er ekki ferhyrnt, þá erfir hún aldrei afkvæmi sín að þessum eiginleika.

Lítil reynsla er komin á Höfða sem lambaföður. Hann gefur ágætlega væn lömb en bætir ekki vaxtarlag.



11-909

Engin reynsla er af dætrum hans en kynbótamat, sem er ætternisspá, er um meðallag fyrir báða eiginleikana sem metnir eru. Móðir hans, 05-544 var geld veturgömul, síðan tvílembd utan eitt skipti með 5,0 afurðastig.

Litaerfðir: Höfði er arfblendinn hvítur, með erfðavísi fyrir mórauðum lit og tvílit. Því ætti að vera hægt að fá alla liti undan honum leyfi móðurætt slíkt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Ámi

frá Sigtúnum (Maríusi og Láru), Öxarfirði.
(keyptur frá Vestaralandi 2, Öxarfirði)

Ætt:

Ámi 10-917

Svarhosi 02-229

Vestaralandi 2

Blesi 98-884

Fora 97-789

Guðrún Hrund 09-802

Bjarnastöðum

Gerri 03-986

Gráblesa 06-601



10-917

FMF. Fori 89-980.

Lýsing: Ámi er nýr forystuhrútur á stöð, ljósgráarnhosóttur að lit og hyrndur. Hann er fjögurra vetra og býr því yfir all nokkurri reynslu sem forystuhrútur. Ámi er há- og grannvaxinn, reistur og léttbyggður svo sem forystufé ber að vera. Hann er stóreygður og hefur til að bera mikla árvekni, órar hreyfingar og ekki spillir höfðinglegt fasið og yfirbragðið. Hann er þægur í rekstri og ljúfur við fólk en á það til að amast við öðru fé og dregur nafn sitt af því. Ámi hefur frá því hann kom á sæðingastöð sýnt mikla yfirvegum og árvekni í hrútakrubbunni

og hrútahirðirinn haft framgöngu hans í hávegum á alla lund. Ámi ku vera vanafastur með afbrigðum svo sem títt er um forystufé. Ámi er frá Maríusi og Láru sem þá bjuggu á Sigtúnum og var fyrsta árs lamb af þeirra búskap.

Litaerfðir: Undan Ama geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt þar sem hann er einnig tvílit auk þeirra litaerfða sem útlit hans sýnir.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

Flórgoði

frá Hafrafellstungu, Öxarfirði
(Keyptur frá Sandfellshaga 2, Öxarfirði)

Ætt:

Flórgoði 11-886

Hrekkur 09-109

Vestaralandi 2

Leynir 08-227

Kríma 97-790

Tindilfætt 07-002

Hafrafellstungu

Móri 04-255

Hjarðarprýði 98-800

Klifshaga



11-886

Lýsing: Flórgoði er nú að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Hann er allsérstæður á litinn eða mögolsóttur, með blesu og sokka. Hann sýndi strax sem lamb mikla forystuhæfileika samhliða því að vera mjög rólegur í umgengni. Hann er eins og góðum forystuhrúti sæmir með vökult auga, háttvís og greindarlegur í öllu fasi og tilburðum. Hann er örliðið skyldur Karli Philip sem var á stöð ekki alls fyrir löngu

en Móri 04-255 frá Klifshaga móðurfaðir Flórgoða var faðir Karls Philips.

Litaerfðir: Undan Flórgoða geta allir litir komið fram eins og litur hans gefur ótvíræða vísbendingu um.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

★ Haustið nálgast ★

Toppvörur frá traustum framleiðendum • Hafið samband við sölumenn okkar og tryggjið ykkur gæðavörur í tíma



Kuhn taðdreifarar



BVL V-Mix heilföðurblandarar



Kverneland plógar



Thaler liðléttingar



Brandt haughræur og mykjudælur



Redrock haugsuger og mykjudælur



Tanco rúlluskerar og rúllugreipar



VÉLFANG

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • velfang@velfang.is

Fyrir sauðfé

Mikið úrval af sauðfjártengdum vörum

Margar tegundir bryningartækja



Hrútabelti og litir fyrir fengitímann



Ormalyfs- og bólusetningasprautur



Landsins mesta úrval af rúningsvörum



Margar gerðir af klaufsnyrtiklippum



Allt fyrir smalahundinn! Fóður, bækur, myndbönd, flautur og fleira.



Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 480 0400

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss

Lónsbakki - 601 Akureyri

www.jotunn.is

Jötunn Vélar ehf. - Kt. 600404 2610

Sími 480 0400

jotunn@jotunn.is

Hrútar 2014-15, lambhrútaskoðun og kynbótamat 2014

Hyrndir Númer	Nafn	Fjöldi	Pungli	Vöðvi	Fita	Lögun	Fötli	Haus	H+h	B+úti	Bak	Mallir	Læri	Ull	Fætur	Samræmi	Alls	Kfita	Kgerð	Kskrokkgæði	Kmjólkurlagni	Kfrjósemi	Kheild	Stöð 2014-15
07-866	Kvistur	42	47,3	32,1	2,7	4,4	109	7,9	8,4	8,6	8,8	8,8	17,6	7,8	8,0	8,5	84,4	108	109	109	101	107	106	Fallinn
07-867	Snær	22	47,3	28,9	2,5	3,9	111	8,0	8,2	8,4	8,6	8,5	17,5	7,9	8,0	8,2	83,3	123	105	114	108	106	109	Fallinn
08-840	Kjarkur	100	47,1	29,2	2,9	4,0	109	8,0	8,1	8,5	8,5	8,6	17,4	7,8	8,0	8,2	83,1	111	103	107	113	110	110	Laugard.
08-869	Guffi	188	48,6	30,9	2,8	4,2	109	8,0	8,2	8,5	8,7	8,6	17,5	7,9	8,0	8,4	83,9	111	111	111	103	114	109	Laugard.
08-871	Þróttur	45	49,1	30,0	3,0	4,1	109	7,9	8,4	8,6	8,6	8,6	17,5	7,7	8,0	8,3	83,8	110	116	113	97	99	103	Fallinn
08-873	Tenór	34	46,3	29,9	2,5	4,1	109	8,0	8,2	8,4	8,7	8,6	17,5	7,8	8,0	8,3	83,5	123	102	113	108	116	112	Fallinn
08-901	Bósi	468	47,3	29,1	2,9	4,0	107	7,9	8,3	8,5	8,5	8,5	17,5	7,7	8,0	8,3	83,3	105	100	103	123	122	116	Borgarnes
09-877	Ás	218	47,9	29,0	2,8	4,0	108	8,0	8,2	8,5	8,4	8,6	17,6	8,1	8,0	8,2	83,6	113	117	115	101	100	105	Laugard.
09-879	Gaur	91	45,8	28,8	2,6	4,0	110	8,0	8,1	8,4	8,4	8,5	17,5	7,9	8,0	8,2	83,1	118	101	110	115	107	111	Fallinn
09-880	Gumi	100	47,8	28,0	3,2	3,9	110	7,9	8,1	8,4	8,3	8,4	17,2	7,9	8,0	8,2	82,4	112	96	104	117	116	112	Fallinn
09-881	Rafall	239	46,1	30,2	3,2	4,1	109	8,0	8,2	8,5	8,6	8,6	17,5	7,9	8,0	8,2	83,3	106	106	106	108	108	107	Borgarnes
09-902	Guðni	187	48,0	28,9	2,7	4,0	109	8,0	8,2	8,4	8,5	8,6	17,5	7,9	8,0	8,3	83,3	114	104	109	110	120	113	Laugard.
10-875	Snævar	136	46,6	30,4	2,9	4,1	109	8,0	8,3	8,5	8,7	8,6	17,5	8,0	8,0	8,2	83,9	106	107	107	108	97	104	Fallinn
10-883	Stakkur	13	46,2	30,8	2,6	4,1	110	8,0	8,1	8,3	8,3	8,4	17,2	7,8	8,0	8,2	82,2	122	98	110	115	113	113	Fallinn
10-884	Grámann	203	45,7	30,0	2,9	4,0	108	8,0	8,2	8,4	8,5	8,5	17,4	7,9	8,0	8,3	83,1	107	112	110	112	102	108	Laugard.
10-903	Hængur	207	45,5	31,0	2,9	4,2	109	8,0	8,2	8,5	8,7	8,6	17,5	8,0	8,0	8,2	83,7	110	117	114	114	104	111	Borgarnes
10-904	Kári	245	48,6	30,0	2,5	4,1	111	8,0	8,2	8,4	8,5	8,5	17,4	7,9	8,0	8,3	83,3	116	101	109	110	111	110	Fallinn
10-905	Myrkvi	210	46,9	30,3	2,9	4,1	111	7,9	8,2	8,5	8,6	8,6	17,5	7,9	8,0	8,2	83,5	118	112	115	105	106	109	Borgarnes
10-906	Salamon	284	47,8	30,0	2,6	4,1	108	8,0	8,2	8,5	8,6	8,7	17,6	7,9	8,0	8,3	83,7	112	116	114	106	108	109	Laugard.
10-907	Váli	162	47,4	28,7	2,7	3,9	110	8,0	8,2	8,5	8,5	8,6	17,5	7,9	8,0	8,2	83,3	118	113	116	108	107	110	Borgarnes
10-918	Drumbur																	99	124	112	106	105	108	Laugard.
10-919	Höfðingi																	97	105	101	111	107	106	Laugard.
10-920	Kölski																	111	117	114	107	119	113	Laugard.
11-895	Drifandi	61	44,9	30,7	2,8	4,2	109	8,0	8,2	8,5	8,7	8,6	17,6	7,9	8,0	8,2	83,8	106	117	112	103	113	109	Borgarnes
11-896	Prúður	97	45,9	29,4	2,8	4,0	108	8,0	8,3	8,5	8,5	8,6	17,5	7,9	8,0	8,3	83,5	100	115	108	105	109	107	Laugard.
11-908	Garri	400	46,1	30,5	2,7	4,1	108	7,9	8,2	8,4	8,6	8,6	17,5	8,0	8,0	8,3	83,4	117	122	120	102	103	108	Laugard.
11-910	Þorsti	274	47,7	30,1	2,9	4,1	110	7,9	8,2	8,5	8,6	8,6	17,5	7,8	8,0	8,2	83,3	107	107	107	97	109	104	Fallinn
11-921	Putti																	114	108	111	109	110	110	Borgarnes
11-922	Tjaldur																	105	127	116	99	115	110	Borgarnes
12-911	Bekri	217	47,2	30,6	3,0	4,1	108	7,9	8,3	8,6	8,7	8,7	17,7	7,8	8,0	8,3	83,9	107	116	112	108	108	109	Borgarnes

12-912	Bursti	211	46,2	32,3	2,7	4,3	107	8,0	8,4	8,6	8,8	8,7	17,7	7,9	8,0	8,3	84,3	111	124	118	107	91	105	Laugard.	
12-913	Skratti	176	46,1	31,5	2,9	4,2	109	7,9	8,2	8,5	8,6	8,6	17,6	7,7	8,0	8,2	83,3	111	111	111	105	102	106	Borgarnes	
12-914	Vetur	131	45,8	31,0	2,7	4,2	108	7,9	8,2	8,5	8,7	8,6	17,6	7,7	8,0	8,2	83,4	110	117	114	101	101	105	Laugard.	
12-915	Saumur	400	46,7	31,8	2,8	4,3	106	7,9	8,3	8,6	8,8	8,7	17,8	7,9	8,0	8,3	84,4	114	123	119	102	101	107	Borgarnes	
12-923	Danni																	110	128	119	101	103	108	Laugard.	
12-924	Jóker																	112	113	113	110	104	109	Laugard.	
12-925	Vörður																	119	106	113	103	105	107	Borgarnes	
13-926	Hvati																	104	132	118	105	104	109	Borgarnes	
13-927	Kjarni																	93	120	107	103	106	105	Borgarnes	
13-928	Lækur																	106	110	108	107	99	105	Laugard.	
Meðaltal hyrndir		5.161	46,9	30,2	2,8	4,1	108	8,0	8,2	8,5	8,6	8,6	17,5	7,9	8,0	8,3	83,5								
Kollóttir																									
07-855	Steri	80	48,8	29,5	3,3	4,1	109	8,0	8,4	8,5	8,6	8,7	17,7	8,2	8,0	8,4	84,5	100	115	108	117	103	109	Fallinn	
09-860	Sigurfari	70	48,2	26,2	3,7	3,7	110	8,0	8,4	8,5	8,3	8,6	17,5	7,9	8,0	8,3	83,5	105	108	107	95	104	102	Fallinn	
09-861	Dalur	39	49,6	27,7	3,1	3,9	110	8,0	8,2	8,4	8,5	8,5	17,3	8,3	7,9	8,3	83,4	121	96	109	112	105	109	Fallinn	
09-887	Höttur	29	47,1	26,5	3,2	3,7	111	8,0	8,3	8,4	8,4	8,6	17,4	8,0	8,0	8,2	83,2	106	108	107	102	119	109	Borgarnes	
09-891	Strengur	80	49,1	28,0	3,4	3,9	110	8,0	8,2	8,4	8,4	8,6	17,4	8,3	8,0	8,3	83,4	108	105	107	114	98	106	Fallinn	
09-892	Dolli	49	48,4	27,4	3,2	3,8	112	7,9	8,1	8,3	8,3	8,4	17,2	8,2	7,9	8,3	82,6	120	93	107	116	138	120	Fallinn	
09-929	Heydalur																	107	109	108	111	104	108	Borgarnes	
09-930	Hreinn																	118	104	111	106	114	110	Borgarnes	
10-889	Baugur	167	48,5	29,7	3,1	4,1	110	7,9	8,4	8,5	8,6	8,6	17,6	8,3	8,0	8,3	84,1	116	108	112	104	97	104	Laugard.	
10-890	Kroppur	138	49,0	28,7	3,3	4,0	110	8,0	8,4	8,5	8,5	8,6	17,5	8,2	8,0	8,3	83,9	106	111	109	99	107	105	Fallinn	
10-897	Roði	265	49,2	28,7	3,1	4,0	111	7,9	8,4	8,5	8,5	8,6	17,4	7,8	8,0	8,3	83,4	117	108	113	104	102	106	Laugard.	
10-931	Radix																	108	102	105	115	111	110	Laugard.	
10-932	Safir																	97	105	101	109	98	103	Borgarnes	
11-898	Fjalli	56	46,6	28,8	3,5	3,9	107	7,9	8,3	8,4	8,4	8,5	17,5	8,0	8,0	8,2	83,3	92	116	104	99	100	101	Fallinn	
11-899	Rosi	93	48,5	29,2	3,3	4,0	111	7,9	8,2	8,3	8,5	8,4	17,3	8,4	8,0	8,3	83,3	110	102	106	108	103	106	Fallinn	
11-900	Robbi	99	49,5	29,0	3,2	4,0	110	7,8	8,3	8,5	8,6	8,6	17,6	8,0	8,0	8,4	83,8	114	111	113	108	103	108	Fallinn	
11-933	Faldur																	92	118	105	100	98	101	Laugard.	
12-934	Hnallur																	95	126	111	102	97	103	Borgarnes	
12-935	Skafti																	100	123	112	108	95	105	Laugard.	
12-936	Sproti																	101	125	113	104	100	106	Borgarnes	
13-937	poku-Hreinn																	113	101	107	108	122	112	Laugard.	
Meðaltal kollóttir		1.165	48,7	28,6	3,2	4,0	110	7,9	8,3	8,5	8,5	8,6	17,5	8,1	8,0	8,3	83,6								
Meðaltal allir		6.326	47,3	29,6	2,9	4,1	109	8,0	8,2	8,5	8,6	8,6	17,5	7,9	8,0	8,3	83,6								




SAUÐFJÁRSÆÐINGASTÖÐ VESTURLANDS

SKRÁ YFIR HRÚTA SEM NOTAÐIR VERÐA VETURINN 2014- 2015

HYRNDIR HRÚTAR

Bósi

frá Þróðsstöðum, Hrutafirði.



MFF: Lundi 03-945.



08-901

	Bósi 08-901	2014
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	468
	Pungi	47,3
	Fótleggur	107
	Læri	17,5
	Ull	7,7
	Ómvöðvi	29,1
	Ómfita	2,9
	Lögun	4,0

Lýsing: Hvítur með svipmikinn haus, ögn krapphyrndur. Hálsinn stuttur og sver, herðar breiðar og fylltar. Útlögur góðar. Bakið breitt og vöðvafyllt. Mala- og lærahold góð. Fætur réttir og fótstaða góð.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum. Töluvert um gul hár í reyfi. Ullarmikill. Pelið þykkt og jafnt. Togið mikið og gróft en jafnt og hrokið.


Reynsla: Bósi 08-901 er að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð en þangað var hann valinn sumarið 2013 sem

álitlegur ærfaðir. Bósi vakti áhuga margra sauðfjárnænda og var mest notaði sæðishrúturinn sl. vetur. Afkvæmi hans skiluðu sér vel til skoðunar í haust og átti Bósi langflest skoðuð lömb allra hrúta á liðnu hausti. Þau stóðu vel undir væntingum og eru einkunnir sona hans fyrir þunga, frampart, læri og samræmi að jafnaði um eða yfir meðallagi miðað við afkvæmi annarra hyrndra stöðvahrúta. Í heildina má segja að afkvæmahópur hans hafi verið býsna jafn og margir synir hans bollangir. Í hópnum voru ekki margir lambhrútar sem sköruðu verulega framúr en lítið sást hins vegar af slökum lömbum og margar gimbrannar feikilega álitlegar. Slakasti eiginleiki þeirra er ullin en þar virðist Bósi ekki vera til kynbóta og þá bar aðeins á því að hrútlömbin væru mikið krapphyrnd.

Dætur hans á heimabúi hafa staðið sig ákaflega vel og styrkja enn stöðu hans sem yfirburða ærföður. Þrátt fyrir að hafa skartað einu hæsta kynbótamati allra hrúta fyrir dætraeiginleika hækkar það nú á milli ára, bæði fyrir mjólkurlagni og frjósemi. Næsta haust mun síðan fást viðtækari reynsla á Bósa sem ærföður þegar upplýsingar um hinar fjölmörgu dætur víðs vegar um land koma inn.

Litaerfðir: Bósi er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Mál og stígun:

2008-50-106-32/3,7/3,5-8,0-8,5-8,5-9,0-8,5-18,0-7,5-8,0-8,5=84,5 stig

Sæðispantanir



Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

Í netfangið sveinn@bssl.is daginn fyrir sæðingu eða í síma 482 1920 fyrir kl. 9 f.h. samdægurs.



Sauðfjársæðingastöð Vesturlands

Í pöntunarform á heimasíðu BV, www.buvest.is, í netfangið bv@bondi.is eða í síma 437 1215 daginn fyrir sæðingu.

Pantið tímanlega!

KUBOTA á svar við öllum þörfum

Eigum fyrirbyggjandi KUBOTA traktora í 4 stærðum og gerðum.



KUBOTA M8560

Tilvalin í snatt og gjafir. Einstaklega lipur og skemmtileg tækjavél.

85 hestöfl. 6 gíra kassi með milligír. Kúplingsfrír vendigír.
2 - tvöföld vökvaúrtök, vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.
Loftpúðasæti og rúmgott hús með loftkælingu og góðu útsýni í tækjavinnu.
Fáanleg með KUBOTA ámoksturstækjum.

KUBOTA M108s

Vinsælasta KUBOTA dráttarvélin

Alhliðavél sem hentar á hvaða bú sem er.
108 hestöfl. 4 gíra kassi með milligír. Kúplingsfrír vendigír.
3 - tvöföld vökvaúrtök. Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.
Loftpúðasæti og rúmgott hús með loftkælingu. Mjög góð og lipur tækjavél.
Fáanleg með Stoll FZ10 ámoksturstækjum.



KUBOTA M110GX

Fyrir þá sem gera kröfur um þægindi, lipurð og áreiðanleika

Ný kynslóð af dráttarvélum frá KUBOTA.
110 hestöfl. Vökvaskiptur kassi með 8 milligírum og H/M/L drifi.
Sjálfskipting á milligírum. Kúplingsfrír vendigír.
3 tvöföld vökvaúrtök. Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur.
Eitt glæsilegasta og rúmbesta ökumannshús á markaðnum í dag.
Loftpúðafjaðrandi ökumannssæti og bólstrað farþegasæti
Fáanleg með Trima +3,0 ámoksturstækjum.



KUBOTA M135GX

Flaggskipið frá KUBOTA með fjaðrandi framhásingu.

135 hestöfl. Vökvaskiptur kassi með 8 milligírum og H/M/L drifi.
Sjálfskipting á milligírum. Kúplingsfrír vendigír.
3 tvöföld vökvaúrtök. Vökvaútskjótanlegur dráttarkrókur
Eitt glæsilegasta og rúmbesta ökumannshús á markaðnum í dag.
Loftpúðafjaðrandi ökumannssæti og bólstrað farþegasæti
Fáanleg með Trima +4,0 ámoksturstækjum.



Reykjavík:

Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:

Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:

www.thor.is



Rafall

frá Úthlíð, Skaftártungu.

Ætt:



MFF: Lækur 97-843, FMMF: Neisti 97-844, MMFF: Bruni 93-988.



09-881

	Rafall 09-881	2013	2014
LAMBHRÚTASÖÐUN			
Fjöldi		187	239
Pungi		48,4	46,1
Fótleggur		109	109
Læri		17,5	17,5
Ull		8,0	7,9
Órnvöðvi		29,1	30,2
Ómfita		3,0	3,2
Lögun		4,1	4,1

Lýsing: Hvítur, svipmikill og vel hyrndur hrútur. Góð vöðvafylling í herðum og bolurinn mjög útlögumikill. Bakið sterkt, langar og vel fylltar malir. Vel lagaður og góður lærvöðvi. Sterklegir færur og fótstaða góð. Mjög bol-langur og föngulegur hrútur á velli.


Ullarlýsing: Órlítið gult í hnakka, fótum og aðeins aftan til í reyfi. Fremur ullarmikill en stutt ull á baki. Togið jafnt, hrokkið og meðalfínt.

Reynsla: Rafall 09-881 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Eftir góða útkomu á fyrsta ári á stöð jókst notkunin á honum á milli ára. Rafall gefur yfirleitt vel gerð lömb og vörpuleg á velli og eru skrokkgæði þeirra víðast um meðallag miðað við afkvæmi annarra stöðvahrúta. Bakvöðvi afkvæmanna er yfirleitt þykkur en fituþykkt á baki er oft fullmikil og því ekki hægt að mæla með því að nota Rafal þar sem fitufelling hefur verið vandamál.

Hann hefur styrkt stöðu sína sem góður ærfaðir og hækkar kynbótamat hans milli ára bæði fyrir frjósemi og mjólkurlagni. Samkvæmt uppgjöri ársins 2013 átti hann um 40 dætur sem voru vel frjósamar og mjög mjólkurlagnar með 5,6 afurðastig að meðaltali.

Litaerfðir: Rafall er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.



Hængur

frá Geirmundarstöðum, Skarðsströnd.

Ætt:



MMF: Snúður 00-911 MFFF: Otur 00-910.



10-903

	Hængur 10-903	2014
LAMBHRÚTASÖÐUN		
Fjöldi		207
Pungi		45,5
Fótleggur		109
Læri		17,5
Ull		8,0
Órnvöðvi		31,0
Ómfita		2,9
Lögun		4,2

Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með svipfríðan, þróttlegan haus og stuttan háls. Breiðvaxinn með fullháar herðar en mjög góðar útlögur. Bakið breitt með góðan vöðva. Malir breiðar með fremur góðri vöðvafyllingu. Lærahold þrýðisgóð og færur sterkir. Bollengd í meðallagi. Föngulegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Fölgulur í hnakka og á fótum.

Töluvert gult í ull. Fremur ullarmikill, þelið allþykkt. Togið mikið, langt og gróft.

Reynsla: Hængur 10-903 bættist í hóp stöðvahrúta á síðasta ári að aflokinni stórrí afkvæmarannsókn á Geirmundarstöðum og Klifmýri haustið 2013. Hann fékk allmikla notkun síðasta vetur og átti því stóran hóp lambhrúta sem komu til skoðunar í haust. Heilt yfir skilaði hann góðum lömbum og mörg lambanna verulega glæsileg á velli. Vænleiki afkvæmanna var þokkalegur en bakvöðvinn í 207 sonum hans var að jafnaði 31 mm og skipar hann sér því í hóp með bestu stöðvahrútum hvað þann eiginleika varðar.

Aukin reynsla er að fást á dætur Hængs sem eru ágætlega frjósamar og góðar afurðaðar líkt og BLUP-kynbótamat hans gefur til kynna, en upplýsingar um dætur byggja enn sem komið er eingöngu á tölum úr hans heimasveit. Víðtækari reynsla með stærri dætrahóp um allt land mun varpa betra ljósi á hvar hann stendur varðandi þá eiginleika.

Litaerfðir: Hængur er arfblendinn hvítur, með erfðavisi fyrir tvílit sem og móraudum lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.



Mál og stigun:

2010-49-108-33/1,6/4,5-8,0-8,0-8,5-9,0-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig


Myrkvi

frá Brúnastöðum, Fljótum.



MFF: Mímir 04-951, FMFF: Sónar 97-860, MFMF: Flotti 98-850.

	Myrkvi 10-905	2014
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	210
	Pungi	46,9
	Fótleggur	111
	Læri	17,5
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	30,3
	Ómfita	2,9
	Lögur	4,2



Lýsing: Svartur með stuttan, svipfríðan haus. Fremur gróf- og krapphyrndur. Sver háls, fullháar herðar en ágætar útlögur. Sterkt og vel breitt bak. Kúptar malir. Lærvöðvinn þykkur og fyllir mjög vel upp í krikann. Sterkleg fótstaða. Kviðlétur og samsvarar sér vel á velli.

Ullarlýsing: Tinnusvartur. Liturinn jafn og laus við móleitan blæ. Fremur ullarmikill. Pelið þykkt. Togið í meðallagi langt, hrokkið og meðalfint.



10-905

Reynsla: Myrkvi 10-905 er nú að hefja sinn annan vetur á sæðingastöð og var valinn þangað á grunni góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Brúnastöðum. Hann fékk talsverða notkun síðasta haust og stór hópur sona hans kom til skoðunar í haust. Í þeim hópi mátti finna mikið af gerðum lömbum sem staðfesta gæði hans sem öflugur lambafaðir, aðalsmerki þeirra eru afbragðs bak-, mala- og lærahold. Veturgamall sonur hans sýndi mjög góða niðurstöðu í afkvæmarannsókn á vegum sæðingastöðvanna á Brúnastöðum núna í haust. Myrkvi er því öflugur kynbótahrútur.

BLUP-kynbótamat hans fyrir dætraeiginleika er honum hagfellt en það segir að dætur hans séu vel í meðallagi frjósamar og góðar afurðaðar. Upplýsingar um dætur heima á Brúnastöðum benda til að svo sé. Vandfundinn er dætrahópur sem er jafn líkur í útliti og dætur hans á Brúnastöðum eru.

Litaerfðir: Myrkvi er svartur og hefur erfðavísi fyrir mórauðum lit sem og tvílit – gefur hreinhvítt.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:

2010-52-112-31/3,5/4,0-8,0-8,0-8,5-8,5-8,5-18,0-8,0-8,0-8,5=84,0 stig


Váli

frá Gunnarsstöðum, Pistilfirði.



MFFF: Leki 00-880, MMFF: Bútur 93-982.

	Váli 10-907	2014
LAMBHRÚTASKÖÐUN	Fjöldi	162
	Pungi	47,4
	Fótleggur	110
	Læri	17,5
	Ull	7,9
	Ómvöðvi	28,7
	Ómfita	2,7
	Lögur	3,9



Lýsing: Hvítur, hyrndur með nokkuð svipsterkan haus og kröpp horn. Hálsinn stuttur og sver og herðar fremur háar. Bringan breið en vantar fyllingu aftan við bóga. Útlögur í góðu meðallagi. Bakið sterkt og breitt með þykkar vöðva. Malir aðeins afturdregnar en með góðan vöðva. Lærahold góð. Fótstaða góð og bolleng einnig.

Ullarlýsing: Fölgulur á fótum. Örlítið gult í reyfi. Ullarmagn í tæpu



10-907

meðallagi. Pelið jafnt. Togið fremur stutt, sérstaklega í baki en fingert.

Reynsla: Váli 10-907 kom inn á stöð sumarið 2013 eftir að hafa sýnt góðan árangur sem lambafaðir heima á Gunnarsstöðum. Hópurinn sem kom til skoðunar í haust gefur til kynna að Váli gefi ágætan vænleika en lömbin eru nokkuð breytileg að gerð. Sá breytileiki kemur fram í bakvöðvamælingum, stígun lamba og kjötmati. Niðurstöður haustsins eru í samræmi við það sem Váli hafði áður sýnt, að styrkur hans hefur fremur legið í hagstæðu kjötmati en mælingum á lifandi lömbum.

Váli fer vel af stað sem ærfaðir heima á Gunnarsstöðum. Um 40 dætur hans sýndu frjósemi um meðallag vorið 2014. Eldri ærnar voru þó heldur undir búsmæðaltali en stór hópur veturgamalla áa sýndi góða frjósemi eða 1,46 lömb að jafnaði. Dætur hans eru góðar afurðaðar og samkvæmt niðurstöðum haustsins hafa þær að jafnaði 5,8 afurðastig.

Litaerfðir: Váli er arfblendinn hvítur en erfir hvorki mórautt né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:

2010-52-110-36/4,0/5,0-8,0-9,0-9,0-9,0-9,5-18,0-8,0-8,0-8,5=87,0 stig

Drífandi

frá Hesti, Borgarfirði.




FMF: Kveikur 05-965.

	Drífandi 11-895	2013	2014
LAMBHRÚTASÖÐUN	Fjöldi	149	61
	Pungi	44,4	44,9
	Fótleggur	109	109
	Læri	17,5	17,6
	Ull	7,8	7,9
	Ómvöðvi	29,2	30,7
	Ómfita	2,6	2,8
	Lögur	4,0	4,2

Lýsing: Svartur, fínhyrndur með svipfríðan haus. Hvelldur bolur með miklar útlögur og breiðar, holdfylltar herðar. Mjög góð bakhold. Malir í meðallagi langar, breiðar og vel holdfylltar. Lærvöðvi þykkur og kúptur, fyllir feikna vel í krika. Prúður og samanrekin holdahnaus.

Ullarlýsing: Ullarmikill með jafnt og þykkt reyfi. Órlítið um grá há. Togið hrokkið, meðalfint og jafnt um allt reyfið.



Mál og stigun:

2011-47-108-30/1,9/4,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,0-18,5-8,5-8,0-8,0=86,5 stig



11-895


Reynsla: Drífandi 11-895 er einn þeirra fjölmörgu hrúta sem komið hafa inn á stöð eftir að hafa komið vel út í vandaðri afkvæmarannsókn veturgömlu hrútanna á Hesti. Hann er að hefja sinn þriðja vetur á stöð. Drífandi er í hópi sterkustu stöðvahrúta m.t.t. til gerðar. Bakvöðvi afkvæma hans er yfirleitt þykkur og vel lagaður og læraholdin afbragðsgóð. Lífþungi afkvæmanna er undir meðallagi miðað við aðra stöðvahrúta en kjöthlutfall sláturlambanna er gott og þau sameina mjög vel góða gerð og litla fitusöfnun. Hann átti þó nokkuð af úrvalsgripum í skoðunum haustsins líkt og fyrir ári síðan. Drífandi virðist ætla að verða hörkugóður ærfaðir. Dætur hans sýndu strax mikla frjósemi og er útlit fyrir að þær séu jafnframt góðar afurðær. Drífandi er alhliða kynbótahrútur fyrir hyrnda féð og á skilið mun víðtækari notkun en hann hefur fengið síðustu tvö ár á sæðingastöð.

Litaerfðir: Drífandi er arfhreinn svartur, gefur hvorki mórauðan lit né tvílit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Putti

frá Álfvatni, Snæfellsnesi.



MMFF: Prúður 94-834, MMFF: Moli 93-986.



Lýsing: Hvítur, vel hyrndur með svipfríðan haus. Fínhyrndur. Hálsinn vel bundinn og bolurinn sívalur en herðar frekar háar. Þrýðileg holdfylling í baki og malir vel fylltar. Lærvöðvi vel lagaður. Harðholda og bollangur hrútur, vöðvamikill og fitulítil. Putti er spakur

hrútur og rólegur í umgengni.

Ullarlýsing: Aðeins gulur á haus og fótum, dröfnóttur á haus. Svartur blettur á dindli. Töluvert um gul háir í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Togið stutt að ofanverðu og í meðallagi fint.

Reynsla: Putti 11-921 kom á sæðingastöð sumarið 2014, valinn á grunni góðrar reynslu á heimabúi. Hann stóð efstur í afkvæmarannsókn



11-921

á Álfvatni haustið 2012 þar sem aðalsmerki afkvæma hans var þykkur bakvöðvi samhliða lítilli fitu og góðum læraholdum. Þessa kosti hafa afkvæmi hans sýnt frá þessum tíma og núna í haust var m.a. sonur hans í öðru sæti í flokki hyrndra hrúta á héraðssýningu lambhrúta á Snæfellsnesi.

Haustið 2012 var fallþungi afkvæma Putta 16,1 kg, mat á gerð 9,6 og fitu 6,3. Búsmeðaltalið var 15,9 kg fall, einkunn fyrir gerð 9,5 og fitu 6,7. Sambærilegar kjötmatsupplýsingar eru um afkvæmi hans síðustu tvö haust á Álfvatni. Visbendingar eru um að dætur hans verði bæði frjósamar og góðar afurðær líkt og BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika segir til um.

Móðir hans, 09-914, átti eitt lamb sem gemlingur og var síðan tvisvar tvílembd með 8,0 afurðastig en var fargað haustið 2012 vegna kvíðslits.

Litaerfðir: Putti er arfblendinn hvítur, erfir tvílit en ekki mórauðan lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2011-49-109-33/1,8/5,0-8,0-8,5-8,5-9,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,5=85,5 stig



SAH Afurðir Blönduósi



Þjónusta ofar öllu

Hjá SAH Afurðum ehf er lögð áhersla á góða og trausta þjónustu. Við byggjum á persónulegum samkiptum sem skila góðum tengslum við viðskiptavinum. Nýjir viðskiptavinir eru alltaf velkomnir í viðskipti til okkur við slátrun sauðfjár, geita, hrossa, folalda og nautgripa. Við bjóðum sérstaklega góða þjónustu við heimtöku sauðfjár þar sem sögun að ósk innleggjanda er innifalin í heimtökugjaldi.

Þökkum farsæl viðskipti



SAH Afurðir ehf. Húnabraut 39, 540 Blönduós, Iceland
Tel : +354 455 2200 Fax: +354 455 2201 E-mail: sah@sahun.is



Tjaldur


frá Sandfellshaga 2, Öxarfirði.

Ætt:

Tjaldur 11-922



FMFF: Lóði 00-871.



Lýsing: Hvítur, krapphyrndur með svipmikinn haus. Herðar breiðar og holdmiklar. Bringan breið, útlögur miklar og bolurinn mjög sivalur. Bakið breitt, malir breiðar og sérlega kúptar. Lærvöðvi frá-bærlega vel lagaður og kúptur. Tjaldur er metfæ að allri gerð.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum. Einstaka gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðallagi. Pelið mikið og þykkt, tugið fremur stutt, fremur gróft í síðum en fingert og stutt í baki.

Reynsla: Tjaldur 11-922 er einn þriggja hrúta sem valinn var á stöð haustið 2014 úr afkvæmarannsókn úrvalshrúta í Norður-Pingeyjarsýslu. Tjaldur gefur geysilega vel gerð lömb. Afkvæmi hans hafa yfirleitt góðan bakvöðva en einkenni þeirra er afbragðsgóð



11-922

lærahöld. Á Presthólum fengu afkvæmi hans hæstu einkunn úr kjötmatshlutanum og á Snartarstöðum átti hann næsthæsta hópinn á eftir Danna 12-923. Þar var meðalfallþungi afkvæma Tjalds 19,1 kg, einkunn fyrir gerð 11,3 og fitu 7,2. Meðaltal rannsóknarinnar var 19,5 kg, gerðarmat 10,1 og fitu 7,5. Hann sýndi álika frávík á Presthólum en þar var afkvæmahópur hans jafnframt yfir meðallagi í fallþunga. Tjaldur átti einnig glæsilegan afkvæmahóp á sínu heimabúi, Sandfellshaga 2, þar sem afkvæmi hans stóðu afgerandi hæst í kjötmati og mati á lifandi lömbum. Tjaldur er því valinn inn á stöð sem mjög öflugur lambafaðir. Hann er arfblendinn fyrir Þokugeni, stórvirkum frjósemiserfðavisi og helmingur afkvæma hans ætti því að hafa þá eiginleika sem þeim erfðavisi fylgir.

Lítill reynsla er komin á Tjald sem ærföður, dætur hans munu verða mjög frjósamir og kynbótamat fyrir mjólurlagni sem enn byggir nær eingöngu á ætterni segir að þær verði um meðallag sem afurðaðar.

Móðir Tjalds, 07-703 hefur eignast 21 lamb á 7 árum, var tvílembd gemlingur en síðan þrílembd utan eitt skipti er hún átti fjögur lömb og er góð mjólkurær með 8,0 afurðastig.

Litaerfðir: Tjaldur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:


2011-43-108-32/3,3/4,0-8,0-9,0-9,0-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,5=86,5 stig

Bekri

frá Hesti, Borgarfirði.

Ætt:

Bekri 12-911



MMMF: Sekkur 97-836.

	Bekri 12-911	2014
LAMBHRÚTASKOÐUN	Fjöldi	217
	Þungi	47,2
	Fótleggur	108
	Læri	17,7
	Ull	7,8
	Ómvöðvi	30,6
	Ómfita	3,0
	Lögun	4,1



Lýsing: Hvítur, hyrndur með stuttan en sterklegan haus og mjög gott hornalag. Háls og herðar, vel fylltar. Bringa fremur breið, útlögur góðar. Bakið vel vöðvafyllt. Malir aðeins afturdregnar en vöðvafylltar. Lærvöðvi er vel lagaður og fyllir vel í krikann. Fótstaða góð og bollengd í góðu meðallagi. Snotur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Gulur á fótum og í hnakka. Nokkuð um gul hár í reyfi. Ullarmagn í góðu meðal-



12-911

lagi. Pelið þykkt og jafnt. Togið svolítið strítt og gróft og styttra á baki.

Reynsla: Bekri 12-911 kominn á stöð að aflokinni afkvæmarannsókninni á Hesti haustið 2013. Hann átti stóran hóp sona í lambaskoðunum á liðnu hausti. Synir hans staðfestu þá mynd sem strax var dregin af honum á grunni rannsóknarinnar á Hesti, að hann skili feikna vel gerðum lömbum en sé ekki eins öflugur fituleysishrútur og margir Hestshrútar hafa verið. Hrótlömbin sem komu til skoðunar undan honum í haust voru almennt væn, yfirleitt með víðan frampart, breið um bak og malir með öflug lærahöld. Bekri er því úrvals kynbótahrútur m.t.t. skrokkgæða.

Veturgamlar dætur hans á Hesti sýndu góða frjósemi í vor, áttu að jafnaði 1,42 lömb en búsméðaltalið var 1,3 og hækkaði því kynbótamat hans fyrir þennan eiginleika. Mat fyrir mjólurlagni er eingöngu byggt á ætternisupplýsingum en gefur fyrirheit um að dætur Bekra verði jafnframt góðar afurðaðar.

Litaerfðir: Bekri er arfblendinn fyrir botnóttum lit í A-sæti, en hvorki þekkt að hann hafi erfðavisi fyrir móræudum lit né tvilit.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2012-44-107-29/3,2/3,5-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,0 stig


Skratti

frá Hesti, Borgarfirði.



MFFF: og MMFF: Bjálki 06-995, MMMF: Mangó 03-948.

Skratti 12-913		2014
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	176
	Pungi	46,1
	Fótleggur	110
	Læri	17,6
	Ull	7,7
	Ómvoðvi	31,5
	Ómfita	3,0
	Lögun	4,2



Lýsing: Hvítur, krapp-hyrndur með þróttlegan haus. Herðar aðeins háar og órlítið vantar í fyllingu aftan við bóga. Bakið sterkt og vel vöðvað. Vel fylltar malir og þykkur lærvöðvi sem fyllir vel í krikann. Bollengd góð. Fætur réttir. Spakur og rólegur hrútur sem ber ekki nafn með rentu.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Órlítið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi.



Toglitill og togið fremur fínt. Þelið þykkt og jafnt.

Reynsla: Skratti 12-913 var í hópi þeirra fjögurra hrúta sem komu inn á stöð frá Hesti haustið 2013. Hann var sá hrútur sem hafði staðið efstur í gerðarmati sláturlamba í afkvæmarannsókninni þar þá um haustið. Hópurinn sem kom til skoðunar undan honum í haust staðfestir að hann skilar „skratti góðri“ gerð. Hann er greinilega fôðurbetrungr m.t.t. kynbóta fyrir meiri bakvöðva, en þar raðar Skratti sér við hlið öflugustu stöðvahrútanna. Þá eru lærastig sona hans yfir meðallagi.

Lítill reynsla er enn fengin á Skratta sem ærföður, aðeins eru til veturgamlar ær undan honum á Hesti. Þær voru á búsméðaltali í frjósemi eða 1,3 lömb fædd á hverja kind. BLUP-kynbótamat hans fyrir mjólkurlagni segir svo að dætur hans eigi að vera góðar afurðær en frekari reynsla á komandi árum mun skera úr um það.

Litaerfðir: Skratti er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2012-48-110-33/3,3/4,0-8,0-8,5-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,5 stig


Saumur

frá Ytri Skógum, Eyjafjöllum.



MFF: Bramli 04-952, FMFF: At 06-806.

Saumur 12-915		2014
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	400
	Pungi	46,7
	Fótleggur	106
	Læri	17,8
	Ull	7,9
	Ómvoðvi	31,8
	Ómfita	2,8
	Lögun	4,3



Lýsing: Hvítur, með svipfríðan haus og fínhyrndur. Hálsinn sver og vel bundinn við herðar sem eru vel holdfylltar og breiðar. Bringan breið og útlögur miklar. Bakið breitt og mjög vel vöðvafyllt. Malir vöðvafylltar og kúptar. Lærahold með því besta sem gerist. Bollengd góð. Fætur réttir. Glæsiskind á velli og metfé að allri gerð.

Ullarlýsing: Gulur í hnakka og á fótum. Mikið um gul hár í reyfi. Ullarmagn í



meðallagi. Þel allþykkt og jafnt. Togið fremur stutt og hrokkið en fínt. **Reynsla:** Saumur 12-915 var tekinn í hóp sæðingastöðvahrúta haustið 2013 á grunni glæsilegrar niðurstöðu úr afkvæmarannsókn heima í Ytri-Skógum. Hann var einn af mest notuðu hrútum stöðvanna síðastliðið haust og því kom stór hópur sona hans til skoðunar á liðnu hausti. Þessi lömb skipa Saum í hóp „stjörnuhrúta“ haustsins en hann er yfirburðahrútur m.t.t. skrokkgæða afkvæma. Afkvæmahópur hans stendur efstur þegar boríð er saman meðaltal heildarstiga afkvæma nýju stöðvahrútanna. Yfirleitt voru þetta samanreknir holdahnausar, kattlágfættir með góðan framtart, gríðarþykkar bakvöðva með hóflegri fitu og frábær lærahold. Sum afkvæmi Saums eru þó full stutt en samsvara sér vel á velli. Víða mátti finna yfirburðaeinstaklinga undan honum á héraðssýningum lambhrúta í haust.

Saumur er lítt reyndur sem ærfaðir sökum þess hve ungr hann er en veturgamlar dætur hans sýndu góða frjósemi vorið 2014. BLUP-kynbótamat hans gefur hinsvegar til kynna að hann verði um meðallag sem ærfaðir en frekari reynsla á komandi árum mun skera endanlega úr um það.

Litaerfðir: Saumur er arfhreinn hvítur.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2012-47-101-35/1,7/4,5-8,0-9,0-9,5-9,5-9,0-18,5-7,5-8,0-8,5=87,5 stig

Vörður


frá Hriflu, Þingeyjarsveit.

Ætt:

Vörður 12-925



MMF: Frosti 02-913, MMF: Sekkur 97-836



Lýsing: Mórauður, krapphyrndur með sterklegan haus. Herðar í meðallagi breiðar, lítilsháttar slöður aftan við bóga. Bringan breið og útlögur góðar. Bak, malir og læri í góðu meðallagi. Frísklegur hrútur og bollangur.

Ullarlýsing: Meðaldökkur mórauður litur og ullarmikill. Mikið grátt í ull. Reyfið þykkt og þelið mikið. Togið jafnt og fremur fingert.

Reynsla: Vörður 12-925, áður Faldur, kom á sæðingastöð sumarið 2014. Hann er annar tveggja mórauðra bekra sem koma nýir inn á stöð í vetur. Hann hefur farið þrýðilega af stað sem lambafaðir á



12-925

heimabúi. Afkvæmin eru vel gerð og fitulítill. Haustið 2014 var meðalfallþungi þeirra 17,1 kg, einkunn fyrir gerð 9,3 og fitu 5,8 og er hlutfallið milli gerðar og fitu því mjög hagstætt. Búsmeðaltalið var 17,7 kg, gerð 9,4 og fita 6,5.

Nánast engin reynsla er fengin á Vörð sem ærföður sökum ungs aldurs en BLUP-kynbótamat fyrir dætraeiginleika, sem byggir að mestu á ætterni, segir að þær verði yfir meðallagi bæði í frjósemi og mjólkurlagni.

Móðir Varðar, 06-584 hefur verið farsæl afurðaaer, einlembd gemlingur en ætíð tvílembd eftir það og er með 5,7 afurðastig.

Litaerfðir: Vörður er mórauður, gefur alla grunnliti, leyfi móðurætt það – erfir ekki tvíliti.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:


2012-46-117-31/2,3/4,5-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig

Hvati


frá Hesti, Borgarfirði.

Ætt:

Hvati 13-926



FFF: Frosti 07-843, FMFF: Busi 03-946, MMFF: Bjálki 06-995, MFF og MMFFF: Raftur 05-966.




Lýsing: Hvítur, með fríðan haus, fínhyrndur en örlítið krapphyrndur. Herðar eru örlítið háar en bringan breið og brjóstkassi nokkuð sívalur. Átak á baki er feikna gott, malir fylltar og breiðar. Lærahöld eru mikil, vöðvinn

þykkur og mjög vel lagaður. Hvati er samanrekin holdakind, fremur bolstuttur en samsvarar sér þó vel á velli.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum, aðeins gult í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Mikið þel en lítið tog. Togið meðalfint og fremur stutt.

Reynsla: Hvati 13-926 var valinn á sæðingastöð á grunni



13-926

afkvæmarannsóknar á Hesti nú í haust. Hann kom vel út í öllum meginþáttum rannsóknarinnar en við túlkun niðurstaðna ber að hafa í huga að vænleiki dilka var slakur á Hesti líkt og víða í Borgarfirði haustið 2014. Fallþungi tvílembingshrútanna undan honum var 14,3 kg, gerð 9,7 og fita 4,0. Meðaltal rannsóknarinnar var 14,0 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 8,5 og fitu 4,0. Afkvæmi Hvata sýndu frábæra gerð sé tekið mið af fallþunga og niðurstaðan verður enn glæsilegri þegar kjötmatstölur haustsins í heild eru skoðaðar líkt og kynbótamat fyrir gerð segir til um.

Vegna aldurs Hvata er BLUP-kynbótamat á afurðaeiginleikum dætra hans að öllu leyti byggt á ætterni. Það segir að dætur Hvata verði yfir meðallagi bæði fyrir frjósemi og sem afurðaaer. Móðir hans, 10-008, átti tvö lömb gemlingur, var síðan tvisvar tvílembd og loks þrílembd síðasta vor með 6,0 afurðastig.

Litaerfðir: Hvati er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvitt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun:

2013-45-104-31/2,0/4,0-8,0-8,0-8,5-9,0-9,0-18,0-7,5-8,0-8,0=84,0 stig


Kjarni

frá Brúnastöðum, Fljótum.

Ætt:



FMFF: At 06-806, FMMF: Kjalvar 02-943, MFMF: Týr 02-929, MMFF: Hylur 01-883.



Lýsing: Hvítur, hyrndur með grannan og krapp-hyrndan haus. Átaks-góðar herðar, vel sívalur brjóstkassi og góðar útlögur. Holdgróið bak, malir vel breiðar og holdfylltar. Lærðövi þykkur og mjög vel lag-aður. Bollengd í þokka-legu meðallagi.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Ullarmagn í góðu meðallagi. Togið fremur fingert, fremur stutt og grófara í baki. Jafnt og þykkt þel.

Reynsla: Kjarni 13-927 var prófaður í stórrí afkvæmarannsókn á Brúnastöðum í Fljótum fyrir úrvalshrúta í Tröllaskagahólfi haustið 2014. Kjarni er kynfastur og skilaði fleiri topplömbum að gerð en aðrir hrútar í samanburðinum. Í kjötmatshlutunum sýndu afkvæmi hans



13-927

yfirburði í gerðinni, en hópurinn var þó undir meðaltali í þunga og fituflokkun ögn óhagstæð sem skýrist að einhverju leyti af því að tiltölulega fá hrútlömb voru í sláturlambahópnum undan honum. Hins vegar var lífbungi afkvæmanna í rúmu meðallagi. Meðalfallþungi afkvæma hans var 16,9 kg, einkunn fyrir gerð 10,5 og fitu 8,0. Meðaltal rannsóknarinnar var 17,6 kg, gerð 9,2 og fita 7,2. Kjarni er sjálfur athyglisverður að gerð en hann stóð efstur á hrútasýningu í Fljótum sem lamb og var þriðja stigahæsta lambið í Skagafirði það haust.

Vegna aldurs Kjarna er BLUP-kynbótamat á afurðaeiginleikum dætra hans eingöngu byggt á ætterni. Það segir að þær verði yfir meðallagi bæði í frjósemi og sem afurðaðer. Móðir Kjarna, Öreind 09-155 var geld gemlingur en síðan ætíð tvílembd og er með 5,1 afurðastig.

Litaerfðir: Kjarni er arfblendinn hvítur, erfir tvílit en ekki mórauðan lit – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Arfblendinn verndandi.

Mál og stigun:

2013-45-110-35/1,1/5,0-8,0-8,5-9,0-9,5-9,0-18,5-9,0-8,0-8,0=87,5 stig

Ertu klár fyrir veturinn?



7.200kr brúsinn, 125 skammtar

Chevit E-Selen

Selen til inngjafar, gefið 1 pumpuslag 1-2 vikum fyrir fengitíma. Selenskortur getur valdið bæði ófrjósemi og snemmlambaláti.

Engar óþarfá nálastungur!



Brynningarskálur

í miklu úrvali:



Brynningarnipplar
1/2"935kr



Nipplar með kúlu:
Lítill.....2.240kr
Miðst.....2.290kr
Stór.....2.920kr



Bortengi:
Festu nipplinn beint í rörið

Flotskál, 3 lítra.....6.950kr
Pottskál, svört.....9.900kr
Emeluruð, græn.....9.900kr

Sendum um land allt

Egilsbúi 1, 310 Borgarnes
S430-5500


Opn 8-18 vika daga og 10-14 laugardaga



KOLLÓTTIR HRÚTAR

Höttur

frá Húsavík, Steingrímsfirði.



MFFF: Boli 99-874.



09-887

	Höttur 09-887	2013	2014
LAMBHRÚTASKODUN	Fjöldi	97	29
	Pungi	47,4	47,1
	Fótleggur	111	111
	Læri	17,3	17,4
	Ull	7,9	8,0
	Órnvöðvi	27,4	26,5
	Ómfita	3,2	3,2
	Lögun	3,7	3,7



Lýsing: Svartfleckóttur, kollóttur með þróttlegan og breiðan haus. Herðar breiðar og vel fylltar, bringan breið og útlögur miklar. Breitt og sterkt bak ásamt breiðum, vel fylltum mólum. Góð lærahold, lærvöðvinn mjög þykkur. Virkjamikill og bollangur hrútur.

Ullarlýsing: Svartir dropar um allan bol. Mjög ullarmikill og reyfið þykkt, nokkuð togmikið og togíð fremur gróft.

Reynsla: Höttur 09-887 er að hefja sinn þriðja vetur á sæðingastöð. Falast var eftir honum á stöð á grunni góðrar reynslu á heimabúi. Hópurinn sem kom til skoðunar undan honum í haust var mun minni en haustið áður. Útkoman var þó að mörgu leyti svipuð. Lömbin undan Hetti eru mörg hver laglega gerð, með þrýðileg mala- og lærahold en bakvöðvaþykkt þeirra er undir meðallagi. Því keppir Höttur ekki við bestu stöðvahrútana hvað varðar skrokkvæði.

Hann fer mjög vel af stað sem ærfaðir og tók kynbótamat hans fyrir frjósemi stórt stökk upp á við eftir að frjósemisupplýsingar frá liðnu vori bættust við. Þá er gott útlit fyrir að dætur hans verði jafnframt mjólkurlagnar og því líklegt að matið muni hækka þar einnig eftir haustið. Dætur Hattar þykja rólegar í umgengni og eru mjög umhyggjusamar mæður. Höttur er því góður alhlíða kynbótahrútur fyrir kollótta féð.

Litaerfðir: Undan Hetti má vænta allra grunnlita sauðfjárstofnsins leyfi móðurætt slíkt þar sem hann hefur auk tvílitar, erfðavísi fyrir mórauðum lit - gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stigun: 2009-47-106-28/3,0/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-8,0-8,0-8,5=84,0 stig

Viltu losna við bókhaldið ?

Tökum að okkur alla almenna bókhaldsvinnu s.s VSK bókanir og uppgjör, launabókhald, ársreikninga og framtalsgerð. Notum dkBúbót fyrir bændur. Hafið samband, við tökum vel á móti ykkur.



BÓKHALDS-ÞJÓNUSTA ehf

Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes.
Netfang bbv@bondi.is sími 437 1215.

Þetta er frábær hugmynd...

6 MÁNAÐA
ENDINGARGÓÐ NÆRING
Í EINUM STAUT
...og ég get tuggið gras



og líka meiri
hagnaður!!



HAGNAÐUR

vegna aukins
fjölda lamba

HAGNAÐUR

vegna aukins
lífspróttar lamba

HAGNAÐUR

þar sem stautarnir endast
18 sinnum lengur en
hefðbundin fljótandi lyfjagjöf

Agrimin 24.7 er einstök blanda af jöði, selen og kóbalti en sýnt hefur verið fram á að hún bætir heilsu áa og frjósemi þeirra auk þess sem hún eykur lífsprótt lamba og lífslíkur við burð.

Raunverulegur árangur...
fyrir alvöru bændur


Umboð á Íslandi:
Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ
Sími 535 7000, www.vistor.is



FÆST HJÁ DÝRALÆKNUM UM LAND ALLT

Heydalur

frá Heydalsá (Guðjóni Sigurgeirssyni), Steingrímsfirði.
(Keyptur frá Bassastöðum, Steingrímsfirði)



MFF: Falur 03-980, MMFF: Skreppur 92-991.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með fríðan haus. Herðar vel holdfylltar, bringa breið og brjóstakassinn vel hvelfdur. Bakið breitt og holdfylling góð. Malir breiðar og fylltar, lærvöðvi kúptur og þykkur. Mikil glæsikind á velli. Heydalur er sérstaklega spakur og skemmtilegur í

umgengni. Hefur haldið sér mjög vel sé tekið mið af aldri.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og ullarprúður. Ullarmikill og reyfið jafnt. Togið fremur fint og hrokkið. Pelið jafnt og mikið.

Reynsla: Heydalur 09-929, áður Dalur, kom á sæðingastöð sumarið 2014. Við val hans var horft á góða reynslu af honum sem alhliða



09-929

kynbótahrút en hann hefur verið notaður víða í Strandasýslu. Hann var í afkvæmarannsókn í Árneshreppi veturinn 2010-2011 en niðurstöður þeirrar rannsóknar má finna á heimasíðu RML. Aðalsmerki afkvæma hans hefur ætíð verið mikill vænleiki samhliða góðri gerð og hóflegri fitu. Haustið 2014 var fallþungi afkvæma hans 20,8 kg, gerð 11,0 og fita 7,6. Búsmeðaltalið var 20,3 kg, einkunn fyrir gerð 11,1 og fitu 8,3.

Talsverð reynsla er fengin af dætrum Heydals sem nú telja nokkra tugi. Árið 2013 sýndu þær frjósemi um meðallag og höfðu 5,5 afurðastig að jafnaði um haustið. Líkt og Heydalur sjálfur þykja dætur hans spakar og rólegar í umgengni.

Móðir Heydals, 07-287 var einlembd gemlingur en ætíð tvílembd eftir það með 8,2 afurðastig. Hún var farsæl afurðær og mörg afkvæma hennar voru sett á.

Litaerfðir: Heydalur er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:

2009-45-105-29/3,2/4,5-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-17,5-9,0-8,0-8,5=85,5 stíg

Hreinn

frá Heydalsá (Ragnari og Sigríði), Steingrímsfirði.
(Keyptur frá Svertingsstöðum 2, Eyjafjarðarsveit)



Lýsing: Hvítur, kollóttur með sveran og þróttlegan haus. Holdfylling á herðum þokkaleg og útlögur í meðallagi. Bakið breitt og sterkt, malir holdfylltar. Góð fylling í lærum og vöðvinn kúptur. Hreinn er sterklegur hrútur og einstaklega bollangur.

Ullarlýsing: Hreinhvítur. Ullarmagn í meðallagi. Togið stutt í baki en meðalfint.

Reynsla: Hreinn 09-930 var fenginn á sæðingastöð sumarið 2014. Val hans byggir á farsælum ferli hans á Svertingsstöðum 2 bæði sem lambafaðir og ærfaðir, en þangað var hann seldur sem lamb. Faðir



09-930

hans, Dotti 05-155 var veturinn 2008-2009 í afkvæmarannsókn fyrir sæðingastöðvarnar á Heydalsá. Lömb undan Hreini hafa alltaf flokkast vel og hefur hann oft staðið efstur í samanburði hrútanna á Svertingsstöðum. Haustið 2011 var fallþungi afkvæma hans 17,5 kg, gerð 9,7 og fita 5,8. Búsmeðaltalið var 17,6 kg, einkunn fyrir gerð 9,1 og fitu 6,6.

Um 20 dætur Hreins eru til á Svertingsstöðum og er hann því sá hrútur sem á stærsta hlutdeild í ærstofni búans í dag. Þær eru við meðaltal í afurðum en frjósemi þeirra er töluvert yfir búsmeðaltali líkt og endurspeglast í háu kynbótamati fyrir frjósemi.

Móðir hans, 06-788 á Heydalsá, var frjósöm ær, tvílembd gemlingur og tveggja vetra en þrílembd árið 2009 þegar Hreinn fæddist. Hún var með 5,9 afurðastig. Henni var fargað haustið 2009 vegna jógurskemmda.

Litaerfðir: Hreinn er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:


2009-47-110-27/4,3/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-8,5-17,5-9,0-8,0-8,5=85,0 stíg

Safír

frá Brjánslæk, Barðaströnd.



FFFF: Ormur 02-933, FMFF: Ægir 01-916, MFFF: Toppur 00-897.



Lýsing: Hvítur, kollóttur. Sterklegur haus, herðar breiðar og útlögur góðar. Bak malir og læri vel holdfyllt. Bollangur og frísklegur hrútur á velli.

Ullarlýsing: Fölgulur á haus og fótum, dröfnóttur á haus. Töluvert

um gul hár í ull. Ullarmagn í góðu meðallagi. Pelið þykkt og mikið. Togið stutt og fremur fínt.

Reynsla: Safír 10-932 kom á sæðingastöð sumarið 2014 vegna góðrar reynslu af honum sem lambaföður heima á Brjánslæk undanfarin ár.

Jafnframt er hann fjarskyldur þeim kollóttu hrútum sem verið hafa á stöð síðustu ár. Á Brjánslæk eru gerðar upp mjög stórar afkvæmarannsóknir á öllum hrútum ár hvert og þar hefur Safír ætíð skipað sér í hóp með efstu hrútunum. Afkvæmi hans eru um meðallag í vænleika en vel gerð og safna lítilli fitu.

Haustið 2013 var fallþungi afkvæma hans 16,3 kg, gerð 9,4 og fita 7,0. Búsmeðaltalið var 17,0 kg, einkunn fyrir gerð 9,3 og fitu 7,0.

Fyrstu vísbendingar um dætur hans benda til þess að frjósemi þeirra sé um meðallag en þær séu góðar afurðaðar líkt og BLUP-kynbótamatið fyrir dætraeiginleika gefur til kynna.

Móðir Safírs, Háreist 07-024 var tvílembd gemlingur og ætíð eftir það utan eitt ár, einlembd. Hún er með 6,7 afurðastig.

Litaerfðir: Safír er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvítt.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun: 2010-45-108-30/2,7/4,0-8,0-8,0-8,0-9,0-8,5-17,0-8,0-8,0-8,5=83,0 stíg



Sauðfjárþændur

Framleiðum Kraftblöndu fyrir sauðfé.


Efnasamsetning er reglulega endurskoðuð af ráðunautum.

Magnesiumblokk, steinefnablöndur og saltsteinar í úrvali.


Bústólpi ehf. • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

Hnallur

frá Broddanesi 1, Kollafirði.
(Keyptur frá Melum 1, Árneshreppi)



MMFM: Tumi 02-934.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með fríðan en dröfnóttan haus. Herðar vel holdfylltar og útlögur í meðallagi. Gott átak á baki, malir breiðar og holdfylltar. Feiknaöflugur lærvöðvi. Bollangur hrútur sem samsvarar hans er einstaklega vel gerður.

Ullarlýsing: Gulur á haus og fótum, aðeins um gul hár í reyfi. Ullarmagn í meðallagi. Jafnt og þykkt þel. Togið fremur stutt og í meðallagi fínt en grófara í baki.

Reynsla: Hnallur 12-934 er einn fjögurra hrúta sem teknir voru á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn í Árneshreppi haustið 2014. Hnallur er fæddur á Broddanesi 1 en var seldur sem lamb að



12-934

Melum 1 í Árneshreppi. Hann vakti athygli haustið 2013 fyrir gríðarlega góða gerð í afkvæmum sínum og staðfesti þá yfirburði í afkvæmarannsókninni í haust. Á Melum 1 voru afkvæmi hans gemlingslömb en ekki í Bæ. Einnig voru til lömb undan honum í Litlu-Ávík og var horft til allra þessara hópa við val hans á sæðingastöð. Í Bæ var meðalfallþungi afkvæma hans 16,2 kg, gerð 9,5 og fita 6,5. Meðaltal rannsóknarinnar í Bæ var 15,9 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 9,1 og fitu 6,2.

Takmörkuð reynsla er fengin af dætrum Hnalls. Sjö veturgamlar ær á Melum 1 áttu allar lamb vorið 2014, þar af tvær tvílembdar. BLUP-matið fyrir afurðaeiginleika er nær eingöngu byggt á ætterni. Það segir að dætur Hnalls verði um meðallag bæði hvað snertir frjósemi og afurðir.

Móðir Hnalls, 10-255, var einlembd gemlingur en tvílembd eftir það með 7,2 afurðastig.

Litaerfðir: Hnallur er arfhreinn hvítur.


Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:


2012-52-105-32/3,7/5,0-8,0-8,5-9,0-9,0-9,5-19,0-8,0-8,0-8,5=87,5 stig

Sproti

frá Melum 2, Árneshreppi.
(Keyptur frá Litlu-Ávík, Árneshreppi)



MMF: Máni 03-975.



Lýsing: Hvítur, kollóttur með stuttan og fremur fríðan haus. Hálsinn sver og herðarnar breiðar með afbragðs holdfyllingu. Bringan breið og bolurinn vel sívalur. Útlögur gríðarlega miklar. Bakið er breitt og malir vel fylltar. Lærvöðvi frábærlega

vel lagaður, kúptur og þykkur. Sproti er mikil glæsikind í alla staði.

Ullarlýsing: Hreinhvítur og mjög ullarprúður. Ullarmagn í góðu meðallagi, togid jafnt og meðalfínt en heldur styttra í baki, hrokkið.

Reynsla: Sproti 12-936 er einn þeirra fjögurra hrúta sem teknir voru á sæðingastöð að lokinni afkvæmarannsókn í Árneshreppi haustið 2014. Hann kemur úr ræktun Kristjáns Albertssonar á Melum 2 en var seldur sem lamb að Litlu-Ávík. Afkvæmi hans sem komu til skoðunar



12-936

í Bæ og á Melum 1 í haust voru glæsileg í alla staði. Í þeim hópi mátti finna mörg góð hrútsefni. Einkennandi fyrir hópinn var hversu jafn hann var og mikið af góðum lömbum. Jafnframt var til stór hópur undan Sproti á Litlu-Ávík sem styrkti stöðu hans enn frekar.

Á Melum 1 var meðalfallþungi afkvæma hans 17,6 kg, gerð 11,2 og fita 6,8. Meðaltal rannsóknarinnar á Melum 1 var 16,9 kg fallþungi, einkunn fyrir gerð 10,5 og fitu 6,6. Sproti er um margt einn af athyglisverðustu kollóttu hrútunum sem komið hafa á stöð í seinni tíð. Takmörkuð reynsla er komin á dætur hans. Af sex veturgömlum ám í Litlu-Ávík voru fjórar einlembdar og ein tvílembd og ein geld vorið 2014. BLUP-matið fyrir afurðaeiginleika er nær eingöngu byggt á ætterni. Það segir að dætur Sproti verði í meðallagi frjósamar og góðar afurðær.

Móðir Sproti, Smáfríð 09-335 átti eitt lamb gemlingur en var tvílembd eftir það utan einu sinni með 6,5 afurðastig.

Litaerfðir: Sproti er arfhreinn hvítur – gefur hreinhvít.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

Mál og stígun:

2012-46-107-29/2,8/4,0-8,0-8,5-8,5-8,5-9,0-18,5-8,0-8,0-8,0=85,0 stig



Sauðfjárþændur

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki
og **Sláturhús KVH ehf.** á Hvammstanga
reka öflugar afurðastöðvar sem þjóna sauðfjárþændum
með slátrun og afurðasölu.

Við þökkum þændum um land allt
viðskiptin síðastliðin haust!



Eyrarvegi 20 550 Sauðárkróki www.ks.is




Sláturhús KVH ehf.

Norðurbraut 24 530 Hvammstangi www.skvh.is

FORYSTUHRÚTUR

Golsi

frá Gróustöðum, Gilsfirði.



*Freki 03-415 var albróðir Gera 03-986.



Lýsing: Golsi er mógolsóttur að lit og hyrndur og hefur nú sinn annan vetur á sæðingastöð. Hann er fimm vetra og býr því nú þegar að nokkurri reynslu sem forystuhrútur. Golsi er hávaxinn, reistur og léttbyggður eins og forystukindur eiga að vera. Augnabragðið er hvíult og vökult, svipurinn kjarkaður og hreyfingarnar örur en fasið greindar- og höfðinglegt. Hann virðist ljúfur og þjáll í rekstri og á húsi fara rannsakandi og athugul augu hans víða. Golsi sýnir mikla vitsmuni í mörgu tilliti en hversu veðurglöggur hann er skal ósagt látið enda reynir lítið á hana nú á tímum er vetrararbeit heyrir að mestu sögunni til. Ætla má þó að Golsi búi yfir slíkum eiginleikum eins og forfeður hans sem skynjuðu veðrabrigði svo ólíkindum þótti sæta. Hann kemur út forystufjarræktun Signýjar og Bergsveins á

Gróustöðum í Gilsfirði. Ræktun þeirra byggir að stórum hluta á forystufé sem Halldór Gunnarsson átti og ræktaði meðan hann bjó á Gilsfjarðarmúla og var hans fé að hluta ættað frá Haraldi Jónssyni á Hólmavík.

Með komu Golsa á stöð ætti golsóttá litnum, sem áður var mjög áberandi hjá forystufé, að vera viðhaldið en hann hefur látið mikið undan síga í þeirri ræktun síðustu árin. Freki 03-415, faðir Golsa, var albróðir Gera sem var á stöð fyrir nokkrum árum.

Litaerfðir: Undan Golsa geta komið allir litir leyfi móðurætt slíkt þar sem hann erfir einnig tvílit auk þeirra litaerfða sem eigið útlit sýnir.

Arfgerðargreining v/riðusmits: Hlutlaus.

RÁÐGJÖF FYRIR SAUÐFJÁRBÆNDUR

Hjá RML geta sauðfjorbændur fengið ráðgjöf varðandi flest sem lýtur að sauðfjarrækt, jarðrækt, fóðrun, rekstri og bútækni.

Sértækir ráðgjafapakkar:

- * Þjónustupakki fyrir sauðfjorbændur – almenn ráðgjöf
- * Auknar afurðir – greining á sóknarfærum sauðfjorbúa í auknum afurðum
- * Fjánhúsbyggingar og vinnuhagræði – ráðgjöf við breytingar á aðstöðu eða við hönnun nýbygginga
- * Sprotinn – jarðræktarráðgjöf

Allar nánari upplýsingar má finna á www.rml.is eða hafa samband í 516-5000



Nettex vörur fyrir sauðburðinn



NETTEX
Animal Health & Management

Sendum um
allt land
www.fodur.is

Hafðu samband
570 9800

FB Verslun
Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun
Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun
Egilsstöðum
Kaupvangi 11
570 9860

FB
FÓÐURBLANDAN

Fallnir hrútar 2013-2014 - ástæður

07-855	Steri	Drapst, barkabólga
07-866	Kvistur	Felldur, heilsuleysi og elli
07-867	Snær	Felldur, heilsuleysi
08-856	Brjánn	Felldur, gaf ekki sæði
08-871	Þróttur	Felldur, fullnotaður
08-873	Tenór	Felldur, fullnotaður
09-860	Sigurfari	Felldur, fullnotaður
09-861	Dalur	Felldur, fullnotaður
09-879	Gaur	Felldur, fullnotaður (burðarerfiðleikar dætra)
09-880	Gumi	Drapst
09-891	Strengur	Drapst, barkabólga
09-892	Dolli	Drapst
10-875	Snævar	Drapst
10-883	Stakkur	Felldur, lélegur sæðisgjafi
10-885	Soffi	Felldur, gaf ekki sæði
10-890	Kroppur	Drapst
10-904	Kári	Drapst - afvelta
11-898	Fjalli	Felldur, stóðst ekki væntingar
11-899	Rosi	Drapst, afvelta
11-900	Robbi	Drapst, fótbrotnaði - grunur um bógreppu
11-910	Þorsti	Felldur, stóðst ekki væntingar

Kjötmat afkvæma sæðishrúta haustið 2014

Númer og nafn	Fjöldi	Fallþungi	Gerð	Fita	Hlutfall í E	Hlutfall í U	Hlutfall í 2
Hyrndir hrútar:							
07-866 Kvistur	176	18,0	9,57	7,15	5,1%	44,9%	33,5%
07-867 Snær	99	18,2	8,97	6,41	2,0%	28,3%	54,5%
08-840 Kjarkur	334	17,5	8,89	6,81	2,7%	26,6%	42,5%
08-869 Guffi	401	18,0	9,76	6,90	7,2%	45,9%	38,7%
08-871 Þróttur	140	17,6	10,10	7,06	9,3%	52,9%	32,9%
08-873 Tenór	113	18,2	9,09	6,27	1,8%	33,6%	55,8%
08-901 Bósi	1.123	18,2	9,11	7,17	2,1%	34,7%	32,9%
09-877 Ás	543	17,7	9,99	6,79	8,3%	51,6%	40,1%
09-879 Gaur	285	18,1	9,14	6,61	3,9%	31,6%	46,0%
09-880 Gumi	287	17,7	8,79	6,74	0,3%	29,3%	44,9%
09-881 Rafall	636	17,7	9,32	6,91	2,2%	41,7%	40,4%
09-902 Guðni	408	17,8	9,27	6,71	4,2%	37,3%	43,4%
10-875 Snævar	394	17,4	9,36	7,03	4,1%	38,8%	35,8%
10-883 Stakkur	73	17,2	8,82	6,36	0,0%	31,5%	50,7%
10-884 Grámann	556	17,1	9,45	6,78	5,0%	41,2%	41,0%
10-903 Hængur	609	17,4	9,74	6,68	7,9%	44,8%	45,2%
10-904 Kári	594	18,1	9,20	6,84	2,4%	37,2%	40,1%
10-905 Myrkvi	554	18,2	9,63	6,71	5,2%	43,7%	44,6%
10-906 Salamon	627	18,1	10,05	6,93	10,0%	48,8%	38,4%
10-907 Váli	471	17,9	9,71	6,52	5,7%	46,1%	50,1%
11-895 Drífandi	203	17,2	9,77	6,88	8,4%	44,8%	39,4%
11-896 Prúður	357	17,6	9,50	7,03	5,0%	42,6%	39,2%
11-908 Garri	1.030	17,4	10,17	6,47	11,8%	49,3%	47,8%
11-910 Þorsti	749	18,0	9,62	7,12	5,6%	44,6%	33,1%
12-911 Bekri	618	17,9	9,78	7,15	6,3%	48,1%	34,0%
12-912 Bursti	533	17,6	10,36	6,77	14,3%	51,2%	42,0%
12-913 Skratti	483	17,6	9,43	6,74	3,5%	42,2%	43,9%
12-914 Vetur	320	17,7	10,06	6,86	5,6%	58,8%	40,0%
12-915 Saumur	1.020	17,6	10,16	6,65	10,6%	51,1%	47,5%
Kollóttir hrútar:							
07-855 Steri	229	17,7	9,41	6,99	4,4%	42,4%	36,2%
09-860 Sigurfari	217	18,0	9,37	7,06	1,4%	44,7%	34,1%
09-861 Dalur	168	18,1	8,82	6,68	1,8%	30,4%	41,1%
09-887 Höttur	71	18,4	8,97	6,80	0,0%	33,8%	43,7%
09-891 Strengur	233	18,6	9,05	7,03	2,1%	32,6%	34,8%
09-892 Dolli	161	17,9	8,06	6,40	0,6%	18,0%	49,1%
10-889 Baugur	410	18,1	9,66	6,82	3,7%	49,3%	36,1%
10-890 Kroppur	337	18,2	9,66	7,17	4,5%	49,3%	30,3%
10-897 Roði	590	18,5	9,46	6,67	4,1%	44,2%	43,4%
11-898 Fjalli	218	17,0	9,28	7,30	4,1%	36,7%	31,7%
11-899 Rosi	251	18,4	9,08	6,88	3,2%	31,5%	39,0%
11-900 Robbi	347	18,2	9,31	6,73	2,6%	40,6%	44,7%

Árangur sæðinga vorið 2014 eftir sæðishrútum, ósamstilltar ær, ferskt sæði

Númer	Nafn	Sæddar ær	Árangur	Fædd lömb/á
07-855	Steri	348	68%	1,82
07-866	Kvistur	218	68%	1,85
07-867	Snær	123	66%	1,84
08-840	Kjarkur	507	65%	1,76
08-869	Guffi	620	67%	1,85
08-871	Próttur	158	68%	1,82
08-873	Tenór	159	65%	1,85
09-860	Sigurfari	304	67%	1,78
09-861	Dalur	256	64%	1,83
09-877	Ás	751	71%	1,85
09-879	Gaur	390	62%	1,84
09-880	Gumi	368	71%	1,85
09-881	Rafall	764	72%	1,83
09-887	Höttur	127	66%	1,77
09-891	Strengur	328	62%	1,80
09-892	Dolli	241	67%	1,73
09-916	Golsi	30	90%	1,54
10-875	Snævar	477	67%	1,80
10-883	Stakkur	95	55%	1,69
10-884	Grámann	775	66%	1,80
10-889	Baugur	592	69%	1,78
10-890	Kroppur	496	65%	1,77
11-886	Flórigoði	65	83%	1,85
11-895	Drífandi	250	69%	1,84
11-896	Prúður	407	73%	1,77
08-894	Gráfeldur	43	62%	1,88
10-897	Roði	781	73%	1,82
11-898	Fjalli	278	67%	1,75
11-899	Rosi	333	62%	1,83
11-900	Robbi	467	67%	1,73
08-901	Bósi	1.524	73%	1,85
09-902	Guðni	708	62%	1,81
10-903	Hængur	803	65%	1,78
10-904	Kári	793	73%	1,84
10-905	Myrkvi	684	68%	1,87
10-906	Salamon	895	66%	1,79
10-907	Váli	664	71%	1,81
11-908	Garri	1.244	69%	1,88
11-909	Höfði	39	69%	1,89
11-910	Þorsti	959	68%	1,87
12-911	Bekri	813	69%	1,79
12-912	Bursti	670	73%	1,88
12-913	Skratti	569	70%	1,89
12-914	Vetur	397	75%	1,81
12-915	Saumur	1.306	74%	1,85
Samtals:		22.819	69%	1,83
Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands		11.742	68%	1,83
Sauðfjársæðingarstöð Suðurlands		11.077	69%	1,82
Samstilltar ær allt landið		2.104	50%	1,74
Fryst sæði allt landið		524	46%	1,63

Sauðfjársæðingar og beiðsli

Ær ganga á 16 til 17 daga fresti frá nóvember og fram eftir vetri. Frjósemi þeirra er mest framan af þessu tímabili þ.e.a.s. á hefðbundnum fengitíma í desember. Ærnar eru blæsma í u.þ.b. 2 sólarhringa (24 til 60 klst.) en egglosið verður 30-36 klst. eftir að beiðslið byrjar. Sæðið lifir í allt að 24 klst. í leghálsi og eggjaleiðurum áнна.

Úti í náttúrunni fylgir æxlunarathöfninni vellíðan og heiladingullinn framleiðir oxytocin hormón, sem m.a. veldur samdrætti í leginu. Verði kindin hrædd eða stressuð framleiða nýrnahetturarnar adrenalín sem kemur í veg fyrir oxytocinframleiðsluna og þar með eðlilegan flutning sæðisins úr leghálsi upp í eggjaleiðarana þar sem eggíð frjóvgast.

Af framangreindu er nokkuð augljóst að til þess að sæðingar gangi sem allra best þarf að tímasetja þær rétt miðað við egglos og ærnar þurfa að vera rólegar þegar þær eru sæddar. Norskar rannsóknir hafa sýnt að sæðingar með frystu sæði hafa borið bestan árangur ef sætt er 16 klst. eftir að leitað er að blæsma ám í hjörðinni. Þá má búast við því að flestar ærnar séu á heppilegum sæðingatíma. Athuganir hafa sýnt að hæsta fanghlutfallið eftir sæðingar er á stærstu fjárbúunum og á búum þar sem aðeins eru fáar ær. Það er líklegt að svo sé vegna þess að á þessum búum sé mest alúð lögð við féð. Á hreinu sauðfjárræktarbúunum eru engar kýr sem draga athyglina frá fénu og umgengnin um fjárhúsin er meiri en hún er á blönduðu búunum. Þar sem kindur eru mjög fáar er frístundabúskapur og kindurnar eru spök gæludýr. Að líkindum er minnsta stressið í sambandi við sæðingarnar á þessum búum.

Nokkur ráð til þess að ná góðum árangri

Til þess að ná sem hæstu fanghlutfalli í sauðfjársæðingum er mælt með eftirfarandi aðferð:

Daginn áður en á að sæða er farið í húsin fyrir hádegi og athugað hvaða ær eru blæsma. Þær ær sem þá eru að ganga verður of seint að sæða.

Seint kvöldið áður eða snemma daginn sem á að sæða eru teknar til þær ær sem á að sæða og þær settar sér í stíu nærri hrútunum. Það ættu að líða 6-20 klst. frá því að ærnar eru valdar þangað til þær eru sæddar. Þessi háttur er svo hafður á alla dagana sem sætt er.

Þegar kemur að sæðingunum er gott að vera búinn að gefa á garðann svo ærnar séu rólegar og fjárhirðirinn ætti að fara einn með sæðingamanninum í húsin. Hiti í húsunum ætti að vera rétt fyrir ofan frostmark. Sæðinguna ætti svo að framkvæma í góðu ljósi án þess að ærnar séu dregnar eða reknar til í húsinu. Forðist að neindir aðrir en sæðingamaðurinn og fjárhirðirinn séu að þvælast í fénu. Það hefur sýnt sig skila mjög bættum sæðingaárangri að hafa hrút í nálægð við ærnar þegar sætt er.

Samstillingar

Sumir velja þann kost að samstillta gangmál áнна sem á að sæða. Þannig geta menn sætt þær ær sem þeir vilja helst. Þeir þurfa ekki að láta sæða nema einn dag og burðurinn tekur styttri tíma.

Ókostir þess að samstillta ærnar eru að það kostar peninga og fanghlutfallið hefur verið heldur lakara en á ósamstilltum gangmálum.

Þegar ær eru samstilltar er það oftast gert þannig að sérstökum svampi sem inniheldur fósturlífsvaka er komið fyrir í skeið ærinnar. Hann er hafður í skeiðinni í 14 daga. Réttur sæðingatími er 55 (50-60) klst. eftir að svampurinn er fjarlægður úr skeið ærinnar. Sæðinguna ætti að framkvæma eins og áður var lýst.

Sæðing á öðru gangmáli frá samstillingu

Nokkrir bændur hafa reynt að nýta kosti samstillingarinnar og halda fanghlutfallinu uppi. Þá hafa þeir samstillt á venjulegan hátt en ekki sætt fyrr en á öðru gangmáli. Flestar ærnar beiða 19 dögum eftir að svamparnir eru teknir úr. Hluti þeirra beiðir eftir 18 daga, en mjög fáar eftir 17 eða 20 daga. Þessari aðferð er hins vegar ekki hægt að mæla með nema menn hafi aðgang að sæðingum 2 til 3 daga í röð.

Vinnulagsreglur

Sæðingar: Hiti yfir frostmarki, gott skipulag, róleghheit. Egglos verður 30-36 klst. eftir upphaf blæsmis.

Dæmi: Sæðing kl. 15. Leitað í fénu kl. 10 daginn áður og blæsma ær merktar eða skráðar.

Leitað um miðnætti eða fyrir kl. 8 dagana sem á að sæða og valdar ær til að sæða.

Samstilling: Svampur hafður í 14 daga. Sæðing 55 klst. eftir úrtöku.

Dæmi: Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 29. nóvember. Svampar teknir úr 13. des. kl. 7.

Samstillt og sætt á öðru gangmáli: Svampur hafður í 14 daga. Sætt 18 og 19 dögum eftir úrtöku.

Dæmi: Sæðing 15. desember kl. 15. Svampar settir í 13. nóv. Svampar teknir úr 27. nóv.

Leitað 15. des. kl. 8. Sæðing 16. desember kl. 15. Leitað 16. des. kl. 8. 2/3 áнна að ganga.

Meðhöndlun sæðis

Ferskt sæði

Ferskt sæði er að öllu jöfnu sent frá sæðingastöðvunum við 10 °C og kemur það fram á brúsunum. Kæla þarf sæðið niður í 5 °C eftir kl. 13.00 og geyma það og flytja þannig þar eftir. Forðast skal allar hitasveiflur en þær geta drepit sæðisfrumurnar. Hiti undir frostmarki drepur sæðisfrumurnar!

Ferskt sæði skal helst nota innan við 12 tímum eftir sæðistöku en þó getur sæði sem geymt er við réttar aðstæður lifað í rúman sólarhring. Eftir því sem sæðið verður eldra minnka þó gæði þess.



Fryst sæði

Sæðiskúturinn inniheldur fljótandi köfnunarefni (-196 °C) sem endist í 5-7 vikur án þess að bætt sé á hann. Ef allt köfnunarefnið gufar upp eyðileggst sæðið. Það er mikilvægt að fylgjast með því að nóg köfnunarefni sé á kútnum. Það má gera með því að stinga hreinum járntein ofan í kútinn og hafa hann þar í eina mínútu. Hrímið á teininum sýnir hversu mikið köfnunarefni er í kútnum. Ekki mega vera minna en 5 cm af köfnunarefni í kútnum.

Þegar sæðisstrá er tekið úr kútnum er mikilvægt að lyfta ekki hylkinu með stránum upp úr kútnum heldur taka eitt strá úr hylkinu með þar til gerðri töng með hylkið ofan í hálsi kútsins. Hylkinu má ekki halda upp úr köfnunarefninu í meira en 5-10 sek. í einu. Þurfi meiri tíma til að finna viðkomandi strá látið hylkið þá aftur niður í um eina mínútu.

Tvær gerðir sæðisstráa, hvor með sína þíðingaraðferð

Sauðfjársæðingastöð Suðurlands hefur fryst hrútasæði í tveimur gerðum stráa. Annars vegar í svokölluðum „mini“-stráum, 0,25 ml, (grönn strá) og hins vegar í „medium“-stráum, 0,5 ml (sver strá). Frá árinu 2009 eru notuð „medium“-strá. Stráin eru þídd á sitt hvorn mátann eins og sjá má hér fyrir neðan:

	Gerð	Framl.ár	Rúmmál	Hitastig við þíð.	Þíðingar-tími
	Mediumstrá	2009-2010	0,5 ml	50°C	14 sek.
	Ministrá	→ 2008, 2011 →	0,25 ml	35°C	15 sek.

Athugið! Uppþídd strá skal nota strax.

Þíðing á sæðisstráum

- Stráinu þarf að koma eins fljótt og hægt er úr köfnunarefninu í vatnsbað með réttu hitastigi, sjá hér að ofan.
- Mæla þarf hitastig vatnsins reglubundið (helst fyrir hverja uppþíðingu). Nauðsynlegt er að hafa hitabréusa með sjóðandi eða mjög heitu vatni við hendina til þess að stilla hitastig vatnsins sem þítt er í. Í köldum fjárhúsum kólnar vatnið hratt.
- Þíðið aldrei nema eitt strá í einu.
- Mæla má tímann með því að telja 1001, 1002, 1003 o.s.frv. ef klukka með sekúnduvísi er ekki við hendina. Athugið að margir GSM símar eru með skeiðklukku.
- Þurrkið af stráinu með hreinum pappír eftir þýðingu. Vatn drepur sæðisfrumurnar.
- Þídd strá skal nota samstundis.
- Hitid sæðingatækið, t.d. innanklæða, í 20-25 °C eða með því að nudda það fast áður en stráið er sett í.
- Passið að sæðingatækið sé þurrt.
- Eftir að stráið hefur verið sett í sæðingatækið hafið það innanklæða þar til sætt er til þess að verja sæðið fyrir hitasveiflum.
- Gætið ítrasta hreinlætis og farið varlega í kringum fljótandi köfnunarefni.

Skráning og uppgjör sæðinga

Upplýsingar um árangur úr sæðingunum gefur mikilvægar upplýsingar um t.d. frjósemi, sæðisgæði, árangur eftir sæðingamönnum og stöðvum o.s.frv.

Það er því mikilvægt að sæðingar séu skráðar sem allra fyrst.

Hægt er að skrá eða senda þessar upplýsingar inn á tvo mismunandi vegu:

1. Skráning sæðingadagbóka

Að afloknum sæðingum eru viðeigandi blöð send til skráningar hjá búnaðarsamböndum á viðkomandi svæði.

2. Skráning í fjarvis.is

a. Skráið ykkur inn á www.fjarvis.is.

b. Veljið <Skrá sæðingu> í valröndinni vinstra megin.

c. Skráið kennitölu sæðingamanns, sæð.dags., hvort ærin/ærnar var/voru samstillt/ar eða ósamstillt/ar, tegund sæðis, hrút og svo þær ær sem voru sæddar þennan dag með áður völdum hrút. Þetta er svo endurtekið fyrir hvern sæðingadag, sæðingamann og hrút þar til allar sæðingar hafa verið skráðar.

**Við viljum gjarnan að sæðingar séu skráðar sem fyrst. Góð regla er að skrá þær jafnóðum!
Munið að skrá allar sæðingar, hvort sem ærnar halda eða ganga upp!**

Afkvæmarannsóknir vegna sæðingastöðvanna haustið 2014

Afkvæmarannsóknir virka óviða eins vel í búfjárrækt og í sauðfjárræktinni þar sem kynslóðabilið er stutt. Við val á sæðingahrútum hafa afkvæmarannsóknir á úrvalshrútum reynst ákaflega gagnlegar og í raun langörugasta leiðin sem við höfum í dag við að velja hrúta m.t.t. skrokkgæða inn á stöðvarnar. Hér skiptir öllu máli að staðla samanburð milli hrúta eins og kostur er. Þeir bændur sem lagt hafa hönd á plóginn í þessu starfi, ýmist með því að lána hrúta eða leggja til aðstöðu og vinnu eiga þakkir skildar fyrir sitt framlag í þágu ræktunarstarfsins. Hér verður farið nokkrum orðum um afkvæmarannsóknir haustsins.

Hyrndir hrútar

Á fjárræktarbuínu Hesti hefur í áráraðir verið framkvæmd nákvæm afkvæmarannsókn á veturgömlum hrútum. Framkvæmdin byggir á stöðluðum vinnubrögðum og ítarlegum mælingum sem lengi hafa verið stundaðar á Hesti. Eingöngu eru notaðir tvílembingshrútar í rannsókni. Að þessu sinni var einn aðkomuhrútur sem fékk að spreyta sig á móti Hestshrútunum en það var Freyr 11-181 frá Þorgautsstöðum. Að rannsókn lokinni var einn hrútur falaður inn á stöð, Hvati 13-699 (13-926). Aðrir hrútar sem komu til álita voru Freyr frá Þorgautsstöðum og Bakki 13-687 frá Hesti. Vinna við rannsókni var í höndum starfsmanna Grímshaga ehf. og þeirra Eyjólf Kristins Örnólfssonar og Emmu Eyþórsdóttur.

Á Brúnastöðum í Fljótum var sett upp afkvæmarannsókn fyrir úrvalshrúta í Tröllaskagahólfi, en það hólfr nær frá Héraðsvötnum í Skagafirði að Eyjafjarðará. Slíkar afkvæmarannsóknir hafa ekki verið mögulegar á svæðinu fram til þessa þar sem flutningur á fé milli bæja var ekki leyfilegur fyrr en í árslok 2012 þegar meginpartur hólsins var skilgreindur sem ósýkt svæði. Í rannsókni á Brúnastöðum voru valdir fjórir aðkomuhrútar auk heimahrúta. Það voru þeir Klettur 11-639 frá Ærlæk, staðsettur í Djúpadal í Blönduhlíð, Dreki 11-452 frá Hjarðarfelli, staðsettur á Torfufelli í Eyjafirði, Snúður 11-060 frá Hríshóli, Eyjafriði og Örlýgur 11-721 frá Ytri-Bægisá II í Hörgárdal. Því miður þynntist hópurinn eftir því sem á leið en Kletti entist ekki aldur til þess að taka þátt í rannsókninni og við Dreka hélt mjög illa. Að rannsókn lokinni var ákveðið að fala Kjarna 13-036 (13-927) frá Brúnastöðum fyrir sæðingastöðvarnar. Um dóma sá Eyþór Einarsson en ómmælingar Elvar Örn Birgisson.

Í Norður-Þingeyjarsýslu var sett upp afkvæmarannsókn úrvalshrúta á bæjunum Presthólum og Snartarstöðum í Núpasveit. Í rannsókninni voru 5 aðkomuhrútar auk heimahrúta og voru aðkomuhrútarnir notaðir á báðum bæjunum. Aðkomuhrútar voru Ósi 11-056 frá Flögu, staðsettur í Tunguseli, Málmur 11-254 frá Garði, Tjaldur 11-687 frá Sandfellshaga 2, Danni 12-502 frá Sveinungsvík og Jóker 12-321 frá Laxárdal. Þrjú hrútar voru falaðir af stöðvunum að lokinni rannsókn, þeir Danni (12-923), Tjaldur (11-922) og Jóker (12-924). Málmur sýndi einnig glæsilegar niðurstöður en ákveðið var að bíða með að fala hann þar til betri mynd fæst á frjósemi dætra hans. Um dóma sá Eyþór Einarsson en ómmælingar Sigurður Þór Guðmundsson.

Á Ytri-Skógum var, líkt og mörg undanfarin ár, afkvæmarannsókn á veturgömlu hrútunum. Eins og á Hesti, er rannsóknin eingöngu byggð á hrútlömbum. Í samanburðinum voru 7 hrútar. Einn hrútur var falaður á stöð að lokinni rannsókn en það var Lækur 13-484 (13-928) sem stóð efstur að heildarstigum. Um dóma sá Jón Viðar Jónmundsson en mælingar Eyþór Einarsson.

Kollóttir hrútar

Að þessu sinni var afkvæmarannsóknin fyrir kollóttu hrútana í Strandasýslu haldin norður í Árneshreppi á bæjunum Melum 1 og Bæ. Fjórir aðkomuhrútar tóku þátt í rannsókninni auk heimahrúta. Aðkomuhrútar voru: Sproti 12-787 frá Melum 2, staðsettur í Litlu-Ávík, Dvali 12-389 frá Melum 1, staðsettur í Húsavík, Lói-Lói 12-186 frá Ytri-Ósi og Dagur 11-034 frá Árbæ. Á grunni niðurstaðna voru fjórir hrútar falaðir fyrir stöðvarnar. Það voru þeir Sproti (12-936), Faldur 11-693 (11-933) frá Bassastöðum, Hnallur 12-762 (12-934) frá Broddanesi 1, báðir til heimilis á Melum 1 og Skafti 12-766 (12-935) frá Melum 1. Dómari var Jón Viðar Jónmundsson og ómmælingar voru í höndum Eyjólf Ingva Bjarnasonar.

Allar tölulegar niðurstöður úr þessum afkvæmarannsóknum má finna á heimasíðu RML (www.rml.is).

Eyþór Einarsson



HAGKVÆM TÆKJAFJÁRMÖGNUN

Arion banki býður kaupleigu og tækjalán til að fjármagna kaup á nýjum og notuðum atvinnubílum og tækjum til atvinnurekstrar. Viðskiptavinir í Vildarþjónustu njóta hagstæðra kjara og geta sparað sér töluverða fjármuni.

Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma **444 8800** eða sendu inn fyrirspurn í gegnum tæki@arionbanki.is. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Arion banka, arionbanki.is.



Taktu þátt í að framleiða vinsælustu kjötvörur landsins

Óskum eftir afurðaviðskiptum við bændur til að framleiða meira af úrvals kjötvörum



Frá árinu 1907 hefur SS fært á borð landsmanna gæða kjötvörur unnar úr gripum sem notið hafa gæða náttúru landsins og metnaðar bænda til að skapa úrvals hráefni.

**Við leggjum áherslu á góða þjónustu við bændur og vönduð flutningstæki.
Nánari upplýsingar og sláturpantanir eru í stöð félagsins á Selfossi í síma 480 4100**

SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðenda. Það er markmið SS að vinna úr afurðum bænda úrvals vörur með hagkvæmum hætti neytendum til hagsbóta en með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og hag bænda.